

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/1747**

2023/EES/62/27

frá 15. október 2019

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 að því er varðar kröfur fyrir tiltekin vottorð og flugliðaskírteini, reglur um þjálfunarfyrirtæki og lögbær yfirvöld (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ⁽¹⁾, einkum 23. gr. (1. mgr.), 27. gr. (1. mgr.) og 62. gr. (14. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 ⁽²⁾ er mælt fyrir um ítarlegar reglur um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferð er varðar áhöfn í almenningsflugi.
- 2) Við framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011 kom í ljós að tilteknar kröfur innihéldu ritstjórnarleg mistök eða tvíræðni. Þar að auki hafa margir frestir eða ákvæði, sem voru upphaflega sett til að gefa aðildarríkjunum nægan tíma til að laga landsreglur sínar að reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, fallið úr gildi. Þetta hefur leitt til vandamála varðandi framkvæmd og gagnsæi reglna Sambandsins. Þessar kröfur þarf að skýra nánar og leiðrétta. Innleiða ætti nýjar skilgreiningar til að tryggja að skilmálarnir séu framkvæmdir á samræmdan hátt.
- 3) Í því skyni að auka meðalhóf og gagnsæi reglakerfisins fyrir almannaflug ætti að breyta reglunum sem gilda um flugmenn léttra loftfara, einkaflugmenn, flugmenn sviðfluga og flugmenn loftbelgja til að kveða á um viðbótarréttindi og tilgreina nákvæmlega efni þjálfunar og prófa. Að því er varðar viðbótarréttindi ætti að skýra nánar sjóflugsáritanir, kröfur um nýlega reynslu, kröfur um próf í bóklegri þekkingu og kröfur um viðurkenningu.
- 4) Breyta ætti kröfunum um blindflugsáritun fyrir flugvélar og þyrlur til að skýra nánar ákvæðin í tengslum við bóklega þekkingu og flugkennslu og kröfurnar um framlengingu og endurnýjun.
- 5) Gera ætti breytingar á kröfum um tegundar- eða flokksáritanir að því er varðar afbrigði, gildistíma og endurnýjun til að tryggja skýrleika og samkvæmni. Enn fremur ætti að gera breytingar til að skýra nánar kröfurnar um áritun fyrir listflug, áritanir fyrir flugtog á sviðflugum og flugtog á borðum, næturflugsáritun og fjallaflugsáritun.
- 6) Við framkvæmd reglnanna kom í ljós að nokkrar af þeim kröfum sem eiga við um kennara og prófdómara eru óljósar. Að því er varðar kennara ætti því að breyta kröfum í tengslum við kennaravottorð, forsendur, hæfnismat, gildistíma, réttindi og skilyrði, sem og innihald þjálfunarnámskeiðs, framlengingu og endurnýjun. Að því er varðar prófdómara ætti að breyta kröfum í tengslum við prófdómaravottorð, samræmingarnámskeið, forsendur, hæfnismat, gildistíma, réttindi og skilyrði sem og framlengingu og endurnýjun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 268, 22.10.2019, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

- 7) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 er kveðið á um möguleika á að viðurkenna þjálfun og reynslu á tegundum loftfara sem falla ekki undir reglugerð (ESB) 2018/1139 (I. viðauki „Loftfarið sem um getur í d-lið 3. mgr. 2. gr.“) í þeim tilgangi að fá skírteini samkvæmt FCL-hluta. Af þessum sökum ætti að breyta viðeigandi reglum fyrir þjálfunarfyrtæki og lögbær yfirvöld til að gera slíka viðurkenningu mögulega.
- 8) Við framkvæmd reglna sem varða yfirlýst þjálfunarfyrtæki (DTO) ⁽³⁾ kom í ljós að nauðsynlegt er að skýra nánar gildandi reglur til að tryggja skilvirkt lögboðið eftirlit með yfirlýstum þjálfunarfyrtækjum. Breyta ætti kröfunum til að tryggja að þjálfun hjá yfirlýstu þjálfunarfyrtæki sé einungis leyfð ef viðkomandi yfirlýst þjálfunarfyrtæki er staðsett á yfirráðasvæði, sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum.
- 9) Við framkvæmd reglna varðandi möguleikann á að flytja skírteini samkvæmt FCL-hluta og tengd heilbrigðisvottorð kom í ljós að nauðsynlegt er að skýra nánar ábyrgð hlutaðeigandi lögbærra yfirvalda og tímasetningu flutnings eftirlitsábyrgðar. Af þessum sökum ætti að breyta viðkomandi reglum.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, hafa verið lagðar til í álit Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins nr. 05/2017 samkvæmt b- og c-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 og í tengslum við tæknilegar viðræður sem fylgdu í kjölfarið.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 3. mgr. 1. gr. kemur eftirfarandi:

„3) mismunandi heilbrigðisvottorð fyrir flugmenn, skilyrði fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla heilbrigðisvottorðin, réttindi og skyldur handhafa heilbrigðisvottorða,“.

- 2) Í 2. gr. falla 4., 9., 10. og 13. mgr. brott.

- 3) Í 4. gr. fellur 1. mgr. brott.

- 4) Í stað 6. mgr. 4. gr. kemur eftirfarandi:

„6. Þrátt fyrir 3. mgr. skulu handhafar vottorða sem flokkskennarar eða flokksprófdómarar, sem hafa réttindi fyrir afkastamikil flókin einstjórnarloftför, breyta þessum réttindum í vottorð sem tegundarkennarar eða tegundaprófdómarar fyrir einstjórnarloftför.“

- 5) Ákvæði 5. gr. falla brott.

- 6) Í stað 1. mgr. 9. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Að því er varðar útgáfu skírteina samkvæmt FCL-hluta í samræmi við I. viðauka skal viðurkenna að fullu þjálfun sem hófst áður en þessi reglugerð tók gildi í samræmi við kröfur og málsmeðferðarreglur Flugöryggissamtaka Evrópu, undir lögboðnu eftirliti aðildarríkis sem mælt hefur verið með til gagnkvæmrar viðurkenningar innan kerfis Flugöryggissamtaka Evrópu í tengslum við viðeigandi JAR-kröfur, að því tilskildu að þjálfun og prófun sé lokið eigi síðar en 8. apríl 2016 og skírteini samkvæmt FCL-hluta sé gefið út eigi síðar en 1. apríl 2020.“

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1119 frá 31. júlí 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 að því er varðar yfirlýst þjálfunarfyrtæki (Stjtið. ESB L 204, 13.8.2018, bls. 13).

7) Ákvæðum 10. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Fyrirtæki skulu, í samræmi við 2. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, hafa rétt til að annast þjálfun flugmanna sem taka þátt í starfrækslu loftfarsins, sem um getur í i. og ii. lið b-liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, en þó einungis í þeim tilvikum þar sem lögbært yfirvald hefur gefið út samþykki þar sem staðfest er að fyrirtækin uppfylli nauðsynlegu kröfurnar sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og kröfurnar í VII. viðauka við þessa reglugerð. Með hliðsjón af 6. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 skulu fyrirtækin, sem hafa höfuðstöðvar í aðildarríki, þó hafa rétt til að veita þjálfunina, sem um getur í DTO.GEN.110 við VIII. viðauka við þessa reglugerð, án slíks samþykkis, innan yfirráðasvæðisins sem aðildarríki bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum, þegar þau hafa lagt fram yfirlýsingu hjá lögbæru yfirvaldi í samræmi við kröfurnar, sem mælt er fyrir um í DTO.GEN.115 í þeim viðauka og þar sem lögbært yfirvald hefur samþykkt þjálfunaráætlunina, ef þess er krafist samkvæmt c-lið DTO.GEN.230 í þeim viðauka.“

b) Ákvæði 2., 3. og 4. mgr. falla brott.

8) Í 10. gr. b falla 2. og 3. mgr. brott.

9) Í 10. gr. c falla 2. og 3. mgr. brott.

10) Í 11. gr. fellur 2. mgr. brott.

11) Í 11. gr. a falla 2. og 3. mgr. brott.

12) Í 12. gr. falla 1. mgr. b., 2., 3., 5. og 6. mgr. brott.

13) Í stað 7. mgr. 12. gr. kemur eftirfarandi:

„7. Þegar aðildarríki nýtir sér kröfur 2. mgr. a og 4. mgr. skal það tilkynna framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnuninni um það. Í þessari tilkynningu skal lýsa ástæðunum fyrir slíkum undanþágum sem og áætluninni um framkvæmd, sem inniheldur fyrirhugaðar aðgerðir og tengdar tímasetningar.“

14) Ákvæðum I. viðauka (FCL-hluta), VI. viðauka (ARA-hluta) og VIII. viðauka (DTO-hluta) er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 57., 58., 59. og 66. liðar viðaukans við þessa reglugerð koma þó til framkvæmda frá og með 21. desember 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. október 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 (FCL-hluta) er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið FCL.010:
 - a) Eftirfarandi skilgreining bætist við á eftir hugtakinu „blindaðflug miðað við aðflugshorn“:

„,Hæfnismat“: sönnun á hæfni, þekkingu og viðhorfi vegna fyrstu útgáfu, framlengingar eða endurnýjunar kennaravottorðs eða prófdómaravottorðs.“
 - b) Eftirfarandi skilgreining bætist við á eftir hugtakinu „flugleiðsöguþjálfari“:

„,Flogið að öllu leyti út frá mælitækjum“: flugmenn fljúga loftfarinu án útsýnis til kennileita við raunveruleg eða eftirlíkt blindflugsskilyrði.“
 - c) Eftirfarandi skilgreining bætist við á eftir hugtakinu „blindaðflug miðað við línuleg frávik“:

„,Leiðarflug undir umsjón“ (LIFUS): leiðarflug eftir samþykkt námskeið til tegundarréttinda sem fer eingöngu fram í flughermi eða leiðarflug sem krafist er samkvæmt skýrslu um gögn um örugga starfrækslu (OSD).“
 - d) Eftirfarandi skilgreining bætist við á eftir hugtakinu „nótt“:

„,gögn um örugga starfrækslu“ (OSD): gögn sem kveðið er á um í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.“
 - e) Eftirfarandi skilgreining bætist við á eftir hugtakinu „tegund loftfars“:

„,Skrá yfir tegundaráritanir og skráningar í skírteini“ (e. *type rating and licence endorsement list*): skrá sem Flugöryggisstofnunin gefur út á grundvelli niðurstaða úr mati á gögnum um örugga starfrækslu og inniheldur flokka flugvéla og tegundir loftfara að því er varðar veitingu flugleiðaskírteina.“
 - f) Í stað skilgreiningarinnar á hugtakinu „nótt“ kemur eftirfarandi:

„,Nótt“: tímabilið á milli loka ljósaskipta að kvöldi og að upphafi ljósaskipta að morgni eða annað slíkt tímabil milli sólseturs og sólarupprásar sem hlutaðeigandi yfirvald mælir fyrir um.“
 - g) Í stað skilgreiningarinnar á hugtakinu „annar þjálfunarbúnaður“ kemur eftirfarandi:

„,Annar þjálfunarbúnaður“: þjálfunarbúnaður annar en flughermisþjálfar sem notaður er við flugþjálfun þegar fullbúið stjórnklefaumhverfi er ekki nauðsynlegt.“
 - h) Í stað skilgreiningarinnar á hugtakinu „hæfnipróf“ kemur eftirfarandi:

„,Hæfnipróf“: sýnt fram á hæfni til að framlengja eða endurnýja áritanir eða réttindi, svo og þau munnlegu próf sem prófdómari kann að krefjast.“
- 2) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið FCL.025:
 - a) Í stað 1. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„1) Umsækjendur skulu taka öll próf í bóklegri þekkingu í tengslum við sérstakt skírteini eða áritun á ábyrgð lögbærs yfirvalds í einu og sama aðildarríkinu.“
 - b) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:
 - „b) Prófkörður
 - 1) Umsækjandi telst hafa staðist próf í bóklegri þekkingu ef hann nær a.m.k. 75% af þeim stigum sem gefin eru fyrir prófið. Ekki skal beita refsieiningum.
 - 2) Umsækjandi hefur, nema kveðið sé á um annað í þessum hluta, lokið prófi í bóklegri þekkingu til viðeigandi flugmannsskírteinis eða áritunar á fullnægjandi hátt ef hann eða hún hefur staðist öll þau próf í bóklegri þekkingu sem krafist er innan 18 mánaða tímabils, talið frá lokum þess almanaksmánaðar sem umsækjandinn þreytti fyrst próf.
 - 3) Ef umsækjandi um bóklegt próf til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks (bóklegt ATPL-próf) eða um útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis (CPL-skírteini), blindflugsáritunar (IR) eða blindflugsáritunar í flugleið (EIR) hefur ekki staðist eitt af prófunum í bóklegri þekkingu eftir fjórar tilraunir eða hefur ekki staðist öll prófin eftir annaðhvort sex prófsetur eða innan þess tímabils sem nefnt er í 2. lið b-liðar skal hann eða hún þreyta öll prófin í bóklegri þekkingu á ný.

- 4) Ef umsækjendur um útgáfu flugmannsskírteinis fyrir létt loftför (LAPL-skírteinis), einkaflugmannsskírteinis (PPL-skírteinis), sviðflugmannsskírteinis (SPL-skírteinis) eða flugmannsskírteinis fyrir loftbelgi (BPL-skírteinis) hafa ekki staðist eitt af prófunum í bóklegri þekkingu eftir fjórar tilraunir eða hafa ekki staðist öll prófin innan þess tímabils sem nefnt er í 2. lið b-liðar skulu þeir þreyta öll prófin í bóklegri þekkingu á ný.
 - 5) Áður en umsækjendur taka prófin aftur í bóklegri þekkingu skulu þeir gangast undir frekari hjálfun hjá yfirlýstu hjálfunarfyritæki (DTO) eða samþykktu hjálfunarfyritæki (ATO). Umfang þeirrar hjálfunar sem þörf er á skal ákvarðast af yfirlýstu eða samþykktu hjálfunarfyritæki og skal sú ákvörðun byggjast á þörfum umsækjendanna.“
- 3) Í stað liðar FCL.040 kemur eftirfarandi:
- „FCL.040 Neyting réttinda skírteina**
- Neyting þeirra réttinda sem skírteinið veitir ákvarðast af því hvort áritanirnar, sem eru í þessu skírteini, og heilbrigðisvottorðið, sem samsvarar þeim réttindum sem neytt er, séu í gildi.“
- 4) Í stað liðar FCL.055 kemur eftirfarandi:
- „FCL.055 Tungumálakunnátta**
- a) Almenn. Flugmenn í flugvélum, þyrlum, vænghnitum og loftskipum, sem krafa er um að noti talstöðvar, skulu ekki neyta réttinda skírteina sinna og áritana nema í skírteini þeirra sé skráð tungumálafærni í annaðhvort ensku eða því tungumáli sem notað er í talstöðvasamskiptum í viðkomandi flugi. Tungumálið, kunnáttustigið og gildisdagurinn skulu koma fram í skráningunni og skal hún gerð í samræmi við málsmeðferð sem lögbært yfirvald kemur á fót. Í samræmi við 2. viðbæti við þennan viðauka er starfrækslustigið (4. stig) lægsta ásætlanlega stig tungumálafærni.
 - b) Í samræmi við 2. viðbæti við þennan viðauka skal umsækjandi um skráningu tungumálafærni sýna fram á að hann hafi tungumálafærni sem svarar a.m.k. til starfrækslustigs, bæði hvað varðar orðfæri og venjulegt málfar, gagnvart matsmanni sem vottaður hefur verið af lögbæru yfirvaldi eða stofnun sem prófar tungumálakunnáttu og samþykkt hefur verið af lögbæru yfirvaldi eftir því sem við á. Til að gera það skal umsækjandi geta:
 - 1) átt virk talsamskipti í síma/talstöð og samskipti augliti til auglitis,
 - 2) haft samskipti um almenn og starfstengd málefni af nákvæmni og skýrleika,
 - 3) notað viðeigandi aðferðir til boðskipta og til að koma auga á og leiðrétta misskilning í almennu eða starfstengdu samhengi,
 - 4) leyst á fullnægjandi hátt þann tungumálavanda sem upp kemur við erfiðar eða óvæntar aðstæður í tengslum við venjubundnar starfsaðstæður eða samskiptaverkefni sem viðkomandi er að öðru leyti kunnugur og
 - 5) notað mállýsku eða hreim sem skilst meðal þeirra sem starfa við flug.
 - c) Að undanskildum þeim flugmönnum sem hafa sýnt fram á tungumálafærni á sérfræðistigi (6. stigi), í samræmi við 2. viðbæti við þennan viðauka, skal skráning tungumálafærni endurmetin:
 - 1) á fjögurra ára fresti, ef sýnt hefur verið fram á starfrækslustig (4. stig) eða
 - 2) á sex ára fresti, ef sýnt hefur verið fram á framhaldsstig (5. stig).
 - d) Sérstakar kröfur sem handhafar blindflugsáritunar eða blindflugsáritunar í flugleið þurfa að uppfylla. Án þess að hafa áhrif á liðina hér að framan skulu handhafar blindflugsáritunar eða blindflugsáritunar í flugleið hafa sýnt fram á færni til þess að nota enska tungu á viðeigandi hæfnisstigi eins og skilgreint er í 2. viðbæti við þennan viðauka.
 - e) Handhafar blindflugsáritunar eða blindflugsáritunar í flugleið skulu sýna fram á tungumálafærni sína og færni til þess að nota enska tungu með því að nota þá matsaðferð sem lögbært yfirvald ákveður.“
- 5) Í stað 2. liðar c-liðar í FCL.060 kemur eftirfarandi:
- „2) Ef flugmaðurinn uppfyllir ekki kröfuna í 1. lið skal hann eða hún ljúka hjálfunarflugi með kennara sem hefur réttindi í samræmi við J-kafla til að kenna á þá tegund loftfars. Þjálfunarflugið skal fara fram í loftfarinu eða í flughermi með fullri hreyfingu af sama tagi og það loftfar sem nota á og skal fela í sér a.m.k. kröfurnar sem lýst er í 1. og 2. lið b-liðar áður en hann eða hún getur neytt réttinda sinna.“
- 6) Í FCL.115 er nýjum d-lið bætt við:
- „d) Að því er varðar hjálfun fyrir flokksáritun fyrir eins hreyfils sjóflugvél með bulluhreyfli skal taka tillit til þátta í 7. lið (flokksáritun – sjór) í B-hluta (sértækar kröfur fyrir flugvélar) í 9. viðbæti við þennan viðauka.“

7) Í stað liðar FCL.120 kemur eftirfarandi:

„FCL.120 LAPL — Próf í bóklegri þekkingu

a) Umsækjendur um LAPL(A)-skírteini og LAPL(H)-skírteini skulu sýna fram á viðeigandi stig bóklegar þekkingar sem samsvarar veittum réttindum, með prófum í eftirfarandi námsgreinum:

1) almennar námsgreinar:

- lög og reglur um loftferðir og verklagsreglur fyrir flugumferðarstjórn (ATC)
- mannleg geta,
- veðurfræði,
- fjarskipti,
- flugleiðsaga,

2) sérstakar námsgreinar er lúta að mismunandi gerðum loftfara:

- flugeðlisfræði,
- verklagsreglur í flugi,
- afkastageta og áætlanagerð,
- almenn þekking á loftförum.

b) Umsækjendur um LAPL(B)-skírteini og LAPL(S)-skírteini skulu sýna fram á viðeigandi stig bóklegar þekkingar sem samsvarar veittum réttindum, með prófum í eftirfarandi námsgreinum:

1) almennar námsgreinar:

- lög og reglur um loftferðir og verklagsreglur fyrir flugumferðarstjórn (ATC),
- mannleg geta,
- veðurfræði og
- fjarskipti,

2) sérstakar námsgreinar er lúta að mismunandi gerðum loftfara:

- flugeðlisfræði,
- verklagsreglur í flugi,
- afkastageta og áætlanagerð,
- almenn þekking á loftförum og
- flugleiðsaga.“

8) Í stað liðar FCL.105.A kemur eftirfarandi:

„FCL.105.A Flugmannsskírteini fyrir léttar flugvélar (LAPL(A)) — Réttindi og skilyrði

a) Réttindi

Réttindi handhafa LAPL-skírteinis heimila honum að starfa sem flugstjóri á eins hreyfils landflugvél með bulluhreyfli, eins hreyfils sjóflugvél með bulluhreyfli eða ferðavélsvifflugu með skráðum hámarksflugtaksmassa, sem er 2000 kg eða minni, með að hámarki þrjá farþega, þannig að aldrei séu fleiri en fjórar manneskjur um borð í loftfarinu.

b) Skilyrði

- 1) Handhafar LAPL(A)-skírteinis mega aðeins fljúga með farþega ef þeir hafa lokið tíu fartímum sem flugstjóri flugvélar eða ferðavélsvifflugu eftir útgáfu skírteinisins.
- 2) Handhafar LAPL(A)-skírteinis, sem hafa áður verið handhafar ATPL(A)-skírteinis, MPL(A)-skírteinis, CPL(A)-skírteinis eða PPL(A)-skírteinis, eru undanþegnir þeim kröfum sem mælt er fyrir um í 1. lið b-liðar.“

9) Í stað b-liðar í FCL.135.A kemur eftirfarandi:

„b) Vilji flugmaður fá viðbótarréttindi fyrir annað afbrigði innan sama flokks er þess krafist að hann gangist annaðhvort undir mismunarþjálfun eða kynningarþjálfun. Skrá skal mismunarþjálfunina í flugdagbók flugmannsins eða í samþættingu skjala og hún undirrituð af kennara.“

10) Í stað liðar FCL.140.A kemur eftirfarandi:

„FCL.140.A Flugmannsskírteini fyrir léttar flugvélar — Kröfur um nýlega reynslu

- a) Handhafar LAPL(A)-skírteinis skulu aðeins neyta réttinda skírteina sinna ef þeir hafa á næstliðnum tveimur árum uppfyllt eitthvert eftirfarandi skilyrða sem flugmenn flugvéla eða ferðavélsviðflugna:
- 1) þeir hafa lokið a.m.k. 12 fartímum sem flugstjórar þar sem flogið er með kennara eða í einflugi undir umsjón kennara, þ.m.t.:
 - 12 flugtök og landingar,
 - upprifjunarþjálfun sem er a.m.k. ein klukkustund af heildarfartíma með kennara,
 - 2) þeir hafa staðist hæfnipróf fyrir LAPL(A)-skírteini með prófdómara; áætlunin um hæfnipróf skal byggð á færniþrófinu fyrir LAPL(A)-skírteini.
- b) Ef handhafar LAPL(A)-skírteinis hafa bæði réttindi fyrir eins hreyfils landflugvélar með bulluhreyfli og eins hreyfils sjóflugvélar með bulluhreyfli geta þeir uppfyllt kröfurnar í 1. lið a-liðar í hvorum floknum sem er eða sambland af þessu, sem skal gilda fyrir bæði réttindin. Í þessum tilgangi skal a.m.k. einni klukkustund af fartíma og 6 af þeim 12 flugtökum og landingum, sem krafist er, lokið í hverjum flokki.“

11) Í stað liðar FCL.140.H kemur eftirfarandi:

„FCL.140.H Flugmannsskírteini fyrir léttar þyrlur (LAPL(H)) — Kröfur um nýlega reynslu

Handhafar LAPL(H)-skírteinis skulu aðeins neyta réttinda skírteina sinna á tiltekna tegund ef þeir hafa á næstliðnum tólf mánuðum annaðhvort:

- a) lokið a.m.k. 6 fartímum á þessari tegund af þyrlu sem flugstjóri, með kennara eða í einflugi undir umsjón kennara, þ.m.t. 6 flugtök, aðflug og landingar, og hafa lokið upprifjunarþjálfun sem er a.m.k. ein klukkustund af heildarfartíma með kennara eða
- b) staðist hæfnipróf með prófdómara á viðeigandi tegund áður en þeir neyta réttinda skírteina sinna á ný. Þessi áætlun um hæfnipróf skal byggð á færniþrófinu fyrir LAPL(H)-skírteini.“

12) Í stað liðar FCL.215 kemur eftirfarandi:

„FCL.215 Próf í bóklegri þekkingu

- a) Umsækjendur um PPL-skírteini skulu sýna fram á viðeigandi stig bóklegar þekkingar sem samsvarar veittum réttindum með prófum í eftirfarandi námsgreinum:
- 1) almennar námsgreinar:
 - lög og reglur um loftferðir,
 - mannleg geta,
 - veðurfræði og
 - fjarskipti og
 - flugleiðsaga,
 - 2) sérstakar námsgreinar er lúta að mismunandi gerðum loftfara:
 - flugeðlisfræði,
 - verklagsreglur í flugi,
 - afkastageta og áætlanagerð og
 - almenn þekking á loftförum.
- b) Umsækjendur um BPL-skírteini eða SPL-skírteini skulu sýna fram á viðeigandi stig bóklegar þekkingar sem samsvarar veittum réttindum, með prófum í eftirfarandi námsgreinum:
- 1) almennar námsgreinar:
 - lög og reglur um loftferðir,
 - mannleg geta,
 - veðurfræði og
 - fjarskipti.

2) sérstakar námsgreinar er lúta að mismunandi gerðum loftfara:

- flugeðlisfræði,
- verklagsreglur í flugi,
- afkastageta og áætlanagerð,
- almenn þekking á loftförum og
- flugleiðsaga.“

13) Í stað a-liðar í FCL.205.A kemur eftirfarandi:

„a) Réttindi handhafa PPL(A)-skírteinis heimila þeim að starfa án þóknunar sem flugstjóri eða aðstoðarflugmenn í flugi sem ekki er í ábataskyni á flugvélum eða ferðavélsvifflugum og að neyta allra réttinda handhafa LAPL(A)-skírteinis.“

14) Í stað a-liðar í FCL.205.H kemur eftirfarandi:

„a) Réttindi handhafa PPL(H)-skírteinis heimila honum að starfa án þóknunar sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður í flugi sem ekki er í ábataskyni á þyrlum og neyta allra réttinda handhafa LAPL(H)-skírteinis.“

15) Í stað liðar FCL.625 kemur eftirfarandi:

„FCL.625 Blindflugsáritun — Gildistími, framlenging og endurnýjun

a) Gildistími

Blindflugsáritun skal gilda í eitt ár.

b) Framlenging

- 1) Blindflugsáritun skal framlengd innan næstliðinna þriggja mánaða áður en áritunin fellur úr gildi með því að uppfylla viðmiðanirnar um framlengingu fyrir viðkomandi gerð loftfars.
- 2) Ef umsækjendur velja að uppfylla kröfurnar um framlengingu fyrr en mælt er fyrir um í 1. lið skal ný gildistíminn hefjast frá og með dagsetningu hæfniprófsins.
- 3) Umsækjendur, sem ekki standast viðeigandi hluta hæfniprófs vegna blindflugsáritunar áður en gildistími blindflugsáritunarinnar rennur út, skulu aðeins neyta blindflugsréttinda sinna ef þeir hafa staðist hæfniprófið vegna blindflugsáritunar.

c) Endurnýjun

Ef blindflugsáritun er útrunnin skulu umsækjendur uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til að endurnýja réttindi sín:

- 1) ljúka upprifjunarþjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki ef samþykkt þjálfunarfyrtækið telur það nauðsynlegt til að öðlast þá hæfni sem krafist er til að standast blindflugshluta færniprófsins í samræmi við 9. viðbæti við þennan viðauka,
 - 2) standast hæfnipróf í samræmi við 9. viðbæti við þennan viðauka, á viðeigandi gerð loftfars,
 - 3) hafa undir höndum viðeigandi flokks- eða tegundaráritun, nema annað sé tilgreint í þessum viðauka.
- d) Ef blindflugsáritunin hefur ekki verið framlengd eða endurnýjuð á næstliðnum sjö árum er umsækjendunum um blindflugsáritun skylt að standast aftur prófið í bóklegri þekkingu og færniprófið fyrir blindflugsáritun.
- e) Handhafar gildrar blindflugsáritunar, sem er skráð í flugmannsskírteini sem gefið er út af þriðja landi í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn, skulu undanþegnir því að uppfylla kröfurnar í 1. lið c-liðar og í d-lið er þeir endurnýja blindflugsréttindin sem skráð eru í skírteini sem gefin eru út í samræmi við þennan viðauka.
- f) Hæfniprófið, sem um getur í 2. lið c-liðar og í e-lið, má taka með hæfniprófinu fyrir endurnýjun á viðeigandi flokks- eða tegundaráritun.“

16) Í stað a-liðar í FCL.625.A kemur eftirfarandi:

„a) Framlenging.

Til að framlengja blindflugsáritun fyrir flugvélar skulu umsækjendur:

- 1) hafa undir höndum viðeigandi flokks- eða tegundaráritun nema ef framlenging á blindflugsáritun er gerð samhlíða endurnýjun á viðeigandi flokks- eða tegundaráritun,

- 2) standast hæfnipróf í samræmi við 9. viðbæti við þennan viðauka ef framlenging á blindflugsáritun er gerð samhliða framlengingu á flokks- eða tegundaráritun,
- 3) ef framlenging á blindflugsáritun er ekki gerð samhliða framlengingu á flokks- eða tegundaráritun gildir eftirfarandi:
 - i. að því er varðar einstjórnarflugvélar skulu umsækjendur hafa lokið 3. hluta b og þeim liðum í 1. hluta sem eiga við fyrirhugað flug í hæfniprófinu, í samræmi við 9. viðbæti við þennan viðauka,
 - ii. að því er varðar fjölhreyfla flugvélar skulu umsækjendur ljúka 6. hluta hæfniprófsins fyrir einstjórnarflugvélar, í samræmi við 9. viðbæti við þennan viðauka, þar sem flogið er eftir mælitækjum eingöngu.
- 4) Nota má flugleiðsöguþjálfá II eða flughermi með fullri hreyfingu, sem líkir eftir viðeigandi flokki eða tegund flugvélar, fyrir framlenginguna skv. 2. lið svo fremi sem a.m.k. annað hvert hæfnipróf fyrir framlengingu blindflugsáritunar fyrir flugvélar fari fram í flugvél.“

17) Í stað liðar FCL.625.H kemur eftirfarandi:

„FCL.625.H Blindflugsáritun fyrir þyrlur — Framlenging

a) Til að framlengja blindflugsáritun fyrir þyrlur skulu umsækjendur:

- 1) hafa undir höndum viðeigandi tegundaráritun nema ef framlenging á blindflugsáritun er gerð samhliða endurnýjun á viðeigandi tegundaráritun,
- 2) standast hæfnipróf í samræmi við 9. viðbæti við þennan viðauka fyrir viðeigandi þyrlutegund ef endurnýjun á blindflugsáritun er gerð samhliða framlengingu á tegundaráritun,
- 3) ef framlenging á blindflugsáritun er ekki gerð samhliða framlengingu á tegundaráritun skulu umsækjendur ljúka 5. hluta og viðeigandi hlutum í 1. hluta hæfniprófsins í samræmi við 9. viðbæti við þennan viðauka fyrir viðeigandi þyrlutegund.

b) Nota má flugþjálfunartæki 2/3 eða flughermi með fullri hreyfingu, sem líkir eftir viðeigandi þyrlutegund, fyrir hæfniprófið skv. 3. lið a-liðar svo fremi sem a.m.k. annað hvert hæfnipróf fyrir framlengingu á blindflugsáritun fyrir þyrlur fari fram í þyrlu.

c) Viðurkenningu skal veita í samræmi við 8. viðbæti við þennan viðauka.“

18) Í stað liðar FCL.710 kemur eftirfarandi:

„FCL.710 Flokks- og tegundaráritanir — Afbrigði

a) Flugmenn skulu ljúka mismunarþjálfun eða kynningarþjálfun til að fá viðbótarréttindi fyrir annað afbrigði loftfars innan sömu flokks eða tegundaráritunar. Ef um er að ræða afbrigði innan flokks- eða tegundaráritunar skal mismunarþjálfunin eða kynningarþjálfunin taka til viðeigandi þátta sem skilgreindir eru í gögnunum um örugga starfrækslu, eftir atvikum.

b) Mismunarþjálfunin skal fara fram hjá einhverjum af eftirfarandi:

- 1) samþykktu þjálfunarfyrtæki,
- 2) yfirlýstu þjálfunarfyrtæki að því er varðar þau loftför sem um getur í c-lið 1. liðar a-liðar og c-lið 2. liðar a-liðar í DTO.GEN.110 í VIII. viðauka,
- 3) handhafa flugrekandaskírteinis sem hefur viðurkennda mismunarþjálfunaráætlun fyrir viðkomandi flokk eða tegund.

c) Þrátt fyrir kröfuna í b-lið mega kennarar með viðeigandi réttindi sjá um mismunarþjálfun fyrir ferðavélsvifflugu, eins hreyfils flugvél með bulluhreyfli, eins hreyfils flugvél með hverfihreyfli og fjölhreyfla flugvél með bulluhreyfli, nema kveðið sé um annað í gögnunum um örugga starfrækslu.

d) Hafi flugmenn ekki flogið afbrigðinu á næstliðnum tveimur árum eftir þjálfunina sem talin er upp í b-lið, skal ljúka frekari mismunarþjálfun eða hæfniprófi á því afbrigði, að undanskildum tegundum eða afbrigðum sem falla undir flokksáritanir fyrir eins hreyfils flugvélar með bulluhreyfli og fyrir ferðavélsvifflugur.

e) Skrá skal mismunarþjálfunina eða hæfniprófið á því afbrigði í flugdagbók flugmannsins, eða í sambærilegu skjali, og hún undirrituð af kennara eða prófdómara, eins og við á.“

19) Eftirfarandi 5. liður bætist við b-lið FCL.725:

„5) Fyrir eins hreyfils og fjölhreyfla einstjórnarsjóflugvélar skal prófið vera skriflegt og samanstanda af 30 fjölvalsspurningum.“

20) Í stað liðar FCL.740 kemur eftirfarandi:

„FCL.740 Gildi og endurnýjun flokks- og tegundaráritana

a) Gildistími

Gildistími flokks- og tegundaráritana skal vera eitt ár, nema hvað varðar flokksáritanir fyrir eins hreyfils einstjórnar loftför, en gildistími þeirra skal vera tvö ár, nema annað sé ákveðið í gögnunum um örugga starfrækslu. Ef flugmenn velja að uppfylla kröfur um framlengingu fyrr en mælt er fyrir um í liðum FCL.740.A, FCL.740.H, FCL.740.PL og FCL.740.As skal nýi gildistíminn hefjast frá og með dagsetningu hæfnisprófsins.

b) Endurnýjun

Fyrir endurnýjun á flokks- eða tegundaráritun skal umsækjandinn uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

- 1) ljúka hæfniprófi í samræmi við 9. viðbæti við þennan viðauka,
- 2) áður en hann undirgengst hæfniprófið, sem um getur í 1. lið, ljúka upprifjunarþjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki ef samþykktu þjálfunarfyrtækið telur það nauðsynlegt til að öðlast þá hæfni sem krafist er til að tryggja örugga starfrækslu viðeigandi flokks eða tegundar loftfars, nema viðkomandi hafi gilda áritun fyrir sama flokk eða tegund loftfars á flugmannsskirteini sem gefið er út af þriðja landi í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn og viðkomandi hefur rétt til að neyta réttinda þeirrar áritunar. Umsækjandinn getur lokið þjálfuninni:
 - i. hjá yfirlýstu eða samþykktu þjálfunarfyrtæki ef útrunna áritunin varðaði flokksáritun fyrir eins hreyfils flugvél með bulluhreyfli án mikillar afkastagetu, flokksáritun fyrir ferðavélsvifflugu eða tegundaráritun fyrir eins hreyfils þyrlur sem um getur í lið c-lið 2. liðar a-liðar í DTO.GEN.110 í VIII. viðauka,
 - ii. hjá yfirlýstu eða samþykktu þjálfunarfyrtæki eða hjá kennara ef áritunin rann út í mesta lagi þremur árum áður og áritunin varðaði flokksáritun fyrir eins hreyfils flugvél með bulluhreyfli án mikillar afkastagetu eða flokksáritun fyrir ferðavélsvifflugu.
- 3) Þrátt fyrir 1. lið b-liðar og 2. lið b-liðar skulu flugmenn, sem eru handhafar reynsluflugsáritunar sem gefin er út í samræmi við lið FCL.820, og sem tóku þátt í reynsluflugi á þróunar-, vottunar- eða framleiðslustigi fyrir loftfarstegund og hafa lokið annaðhvort 50 klst. heildarfartíma eða 10 klst. fartíma sem flugstjórar í reynsluflugi á þeirri tegund á næstliðnu ári fyrir dagsetningu umsóknar, hafa rétt til þess að sækja um framlengingu gildistíma eða endurnýjun áritunar fyrir viðeigandi gerð loftfars.“

21) Í stað d-liðar FCL.805 kemur eftirfarandi:

„d) Réttindi áritana fyrir flugtog á svifflugum og flugtog á borðum skulu takmarkast við flugvélar eða ferðavélsvifflugur, eftir því á hvoru loftfarinu flugkennslan för fram. Fyrir flugtog á borðum skulu réttindin takmarkast við þá flugtogaðferð sem notuð var í flugkennslunni. Veita skal viðbótarréttindi ef flugmaðurinn hefur lokið a.m.k. þremur þjálfunarflugum með kennara þar sem farið er yfir allt efni námskrár flugtogsþjálfunar á öðru hvoru loftfarinu og aðferðina fyrir flugtog á borðum.“

22) Í stað inngangsmálsliðar 1. liðar a-liðar í lið FCL.810 kemur eftirfarandi:

„1) Til að neyta réttinda LAPL-skirteinis, SPL-skirteinis eða PPL-skirteinis fyrir flugvélar, ferðavélsvifflugur eða loftskip við sjónflugsskilyrði að nóttu til skulu umsækjendur hafa lokið þjálfunarnámskeiði hjá yfirlýstu þjálfunarfyrtæki eða samþykktu þjálfunarfyrtæki innan sex mánaða. Námskeiðið skal samanstanda af:“.

23) Í stað e-liðar í lið FCL.815 kemur eftirfarandi:

„e) Framlenging

Til að framlengja gildistíma fjallaflugsáritunar skulu umsækjendur annaðhvort:

- 1) hafa lokið a.m.k. sex lendingum á yfirborði, sem talið er að krefjist fjallaflugsáritunar, á næstliðnum tveimur árum eða
- 2) standast hæfnipróf sem uppfyllir kröfurnar í c-lið.“

24) Í stað c-liðar FCL.900 kemur eftirfarandi:

„c) Kennsla sem veitt er utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna

1) Þrátt fyrir a-lið, ef um er að ræða flugkennslu sem veitt er í tengslum við þjálfunarnámskeið sem samþykkt er í samræmi við þennan viðauka og sem fer fram utan þess yfirráðasvæðis sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum, skal lögbæra yfirvaldið gefa út kennaravottorð til umsækjenda sem:

i. hafa flugmannsskírteini sem uppfyllir allar eftirfarandi viðmiðanir:

A) það samræmist 1. viðauka við Chicago-samninginn,

B) það er í öllum tilvikum a.m.k. CPL-skírteini á viðeigandi gerð loftfars með viðeigandi áritun eða vottorði,

ii. uppfylla kröfurnar, sem komið er á í þessum kafla, fyrir útgáfu viðeigandi kennaravottorðs,

iii) sýna lögbæru yfirvaldi fram á viðunandi þekkingu á evrópskum flugöryggisreglum til að geta neytt réttinda sinna í samræmi við þennan viðauka.

2) Vottorðið skal takmarka við flugkennslu á þjálfunarnámskeiði sem samþykkt er í samræmi við þennan viðauka og uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

i. það er haldið utan yfirráðasvæðisins sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum,

ii. það er haldið fyrir flugnema sem hafa nægilega kunnáttu á því tungumáli sem flugkennslan fer fram á.“

25) Í stað a-liðar í lið FCL.935 kemur eftirfarandi:

„a) Að undanskildum kennurum í áhafnarsamstarfi (MCCI), flugþjálfakennurum á einstjórnarloftför (STI), fjallaflugskennurum (MI) og reynsluflugskennurum (FTI) skal umsækjandi um kennaravottorð standast hæfnismat á viðeigandi gerð loftfars, í viðeigandi flokki eða tegund eða á viðeigandi flughermisþjálfu, til að sýna prófdómara, sem hefur réttindi í samræmi við K-kafla í þessum viðauka, fram á færni til að veita flugnema þá kennslu sem krafist er fyrir útgáfu viðkomandi skírteinis, áritunar eða vottorðs.“

26) Í stað liðar FCL.940 kemur eftirfarandi:

„FCL.940 Gildistími kennaravottorða

Að undanskildu vottorði fjallaflugskennara og án þess að hafa áhrif á 1. lið b-liðar í FCL.900 og 2. lið e-liðar í FCL.915 skulu kennaravottorð gilda í þrjú ár.“

27) Í stað liðar FCL.905.FI kemur eftirfarandi:

„FCL.905.FI Réttindi og skilyrði

Réttindi flugkennara eru að veita flugkennslu til útgáfu, framlengingar eða endurnýjunar:

a) PPL-skírteinis, SPL-skírteinis, BPL-skírteinis og LAPL-skírteinis á viðeigandi gerð loftfars,

b) flokks- og tegundaráritana fyrir einstjórnarloftför, að undanskildum flóknum einstjórnarflugvélum með mikla afkastagetu, sem og viðbótar við flokks- eða hópréttindi fyrir loftbelgi og vottorða um nýlega reynslu fyrir svifflugur,

c) flokks- og tegundaráritana fyrir einstjórnarloftför, að undanskildum flóknum einstjórnarflugvélum með mikla afkastagetu, í starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi, að því tilskildu að flugkennarar uppfylli eitt eða fleiri af eftirfarandi skilyrðum:

1) viðkomandi er eða hefur verið handhafi vottorðs tegundarkennara á fjölstjórnarflugvélum,

2) viðkomandi hefur lokið eftirfarandi:

i. a.m.k. 500 fartímum sem flugmaður í fjölstjórnarumhverfi á flugvélum og

ii. þjálfunarnámskeiðinu fyrir kennara í áhafnarsamstarfi í samræmi við lið FCL.930.MCCI,

d) tegundaráritana fyrir einstjórnar- eða fjölstjórnarloftskip,

- e) CPL-skírteinis á viðeigandi gerð loftfars, að því tilskildu að flugkennarinn hafi lokið a.m.k. 200 flugkennslutímum á viðeigandi gerð loftfars,
- f) næturflugsáritunarinnar, að því tilskildu að flugkennarinn uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:
- 1) hann hefur réttindi til að fljúga að nóttu til á viðeigandi gerð loftfars,
 - 2) hann hefur sýnt flugkennara, sem hefur réttindi í samræmi við j-lið, fram á hæfni til að kenna að nóttu til,
 - 3) hann uppfyllir kröfurnar um reynslu í næturflugi sem mælt er fyrir um í 2. lið b-liðar FCL.060,
- g) áritunar fyrir flugtog eða listflug eða, að því er varðar flugkennara á sviðflugu, skýjaflugsáritunar, að því tilskildu að slík réttindi séu til staðar og að flugkennarinn hafi sýnt flugkennara, sem hefur réttindi í samræmi við j-lið, fram á hæfni til að veita kennslu fyrir þá áritun,
- h) blindflugsáritunar í flugleið eða blindflugsáritunar á viðeigandi gerð loftfars, að því tilskildu að flugkennarinn uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:
- 1) hann hefur lokið a.m.k. 200 fartímum samkvæmt blindflugsreglum, en þar af mega allt að 50 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flughermi með fullri hreyfingu, flugþjálfunartæki 2/3 eða flugleiðsöguþjálfala II,
 - 2) hann hefur lokið blindflugskennaranámskeiði sem flugnemi og staðist hæfnismatið fyrir blindflugskennaravottorðið,
 - 3) hann uppfyllir kröfur a-liðar FCL.915.CRI, FCL.930.CRI og FCL.935 ef um er að ræða fjölhreyfla flugvél og uppfyllir kröfur 1. liðar c-liðar FCL.910.TRI og 2. liðar d-liðar FCL.910.TRI ef um er að ræða fjölhreyfla þyrlur,
- i) flokks- eða tegundaráritana fyrir fjölhreyfla einstjórnarloftför að undanskildum flóknum einstjórnarflugvélum með mikla afkastagetu, að því tilskildu að flugkennarinn uppfylli eftirfarandi skilyrði:
- 1) ef um er að ræða flugvélar, uppfylli kröfur a-liðar FCL.915.CRI, FCL.930.CRI og FCL.935,
 - 2) ef um er að ræða þyrlur, uppfylli kröfur 1. liðar c-liðar FCL.910.TRI og 2. lið d-liðar FCL.915.TRI,
- j) vottorðs flugkennara (FI), blindflugskennara (IRI), flokkskennara (CRI), flugþjálfakennara fyrir einstjórnarloftför (STI) eða fjallaflugskennara (MI), að því tilskildu að flugkennarinn uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:
- 1) hvað varðar flugkennara á sviðflugu, að hafa lokið a.m.k. 50 tímum eða 150 flugtökum í flugkennslu á sviðflugum, hvað varðar flugkennara á loftbelgi, að hafa lokið a.m.k. 50 tímum eða 50 flugtökum í flugkennslu á loftbelgjum og í öllum öðrum tilvikum, að hafa lokið 500 tímum í flugkennslu á viðeigandi gerð loftfars,
 - 2) hann hefur staðist hæfnismat í samræmi við lið FCL.935 á viðeigandi gerð loftfars til að sýna flugkennara-prófdómara (FIE) fram á hæfni til þess að veita kennslu með tilliti til viðeigandi skírteinis,
- k) MPL-skírteinis, að því tilskildu að flugkennarinn uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:
- 1) fyrir það stig þjálfunarinnar sem lýtur að grunnþjálfun í flugfærni, lokið a.m.k. 500 fartímum sem flugmaður á flugvélum, þar á meðal a.m.k. 200 flugkennslutímum,
 - 2) fyrir grunnstig þjálfunarinnar:
 - i. blindflugsáritun fyrir fjölhreyfla flugvélar og réttindi til þess að veita kennslu fyrir blindflugsáritun,
 - ii. lokið a.m.k. 1500 fartímum í fjölstjórnarumhverfi,
 - 3) þegar um er að ræða flugkennara sem hefur réttindi til að kenna á samvinnuðum ATP(A)- eða CPL(A)/IR-þjálfunarnámskeiðum má, í stað kröfunnar í ii. lið 2. liðar, ljúka sérstaklega útfærðu námskeiði sem felur í sér:
 - i. kennslu í áhafnarsamstarfi,
 - ii. að fylgjast með, sem áhorfandi, fimm setum í flugkennslu í 3. áfanga námskeiðs fyrir MPL-skírteini,
 - iii. að fylgjast með, sem áhorfandi, fimm setum í flugkennslu í 4. áfanga námskeiðs fyrir fjölstjórnarskírteini,
 - iv. að fylgjast með, sem áhorfandi, fimm setum í reglubundinni leiðarflugspjálfun (LOFT) hjá flugrekanda,
 - v. efnisskrá námskeiðs fyrir kennara í áhafnarsamstarfi.

Í því tilviki skulu flugkennarar stjórna fyrstu fimm kennslulotunum sínum undir umsjón tegundarkennara á flugvélar (TRI(A)), kennara í áhafnarsamstarfi á flugvélar (MCCI(A)) eða flugþjálfakennara á flugvélar (SFI(A)), sem hafa réttindi til að veita kennslu til MPL-skírteinis.“

28) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið FCL.915.FI:

a) Í stað i. liðar 2. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„i. staðist viðeigandi bóklegt próf til atvinnuflugmannsskírteinis (bóklegt CPL-próf) sem hægt er að taka án þess að ljúka bóklegu atvinnuflugmannsnámskeiði og skal ekki veita rétt til útgáfu CPL-skírteinis, nema fyrir flugkennara á flugvélar sem veita aðeins þjálfun fyrir LAPL(A)-skírteini og“.

b) Í stað 2. liðar c-liðar kemur eftirfarandi:

„2) a.m.k. 200 tímum sem flugstjóri, ef umsækjandinn hefur a.m.k. PPL(H)-skírteini og hefur staðist CPL-prófið, sem hægt er að taka án þess að ljúka bóklegu CPL-námskeiði og skal ekki veita rétt til útgáfu CPL-skírteinis,“.

29) Eftirfarandi c-liður bætist við FCL.930.FI:

„c) Umsækjendur um vottorð flugkennara sem eru eða hafa verið handhafar annarra kennaravottorða, sem gefin eru út í samræmi við þennan viðauka, skulu teljast standast kröfurnar í 1. lið b-liðar.“

30) Í stað liðar FCL.940.FI kemur eftirfarandi:

„FCL.940.FI — Framlenging og endurnýjun

a) Framlenging

1) Til að framlengja flugkennaravottorði skulu handhafar uppfylla a.m.k. tvær af þremur eftirfarandi kröfum áður en flugkennaravottorðið fellur úr gildi:

i. þeir skulu hafa lokið:

A) hvað varðar flugkennara á flugvélar og þyrlur: a.m.k. 50 flugkennslutímum á viðeigandi gerð loftfara sem flugkennarar, tegundarkennarar, flokkskennarar, blindflugskennarar, fjallaflugskennarar eða prófdómarar; ef framlengja á réttindin til kennslu fyrir útgáfu blindflugsáritunar skulu a.m.k. 10 þessara tíma vera í formi flugkennslu fyrir blindflugsáritun og þeim skal hafa verið lokið innan næstliðinna tólf mánaða áður en flugkennaravottorðið fellur úr gildi,

B) hvað varðar flugkennara á loftskip: a.m.k. 20 flugkennslutímum á loftskipum sem flugkennarar, blindflugskennarar eða sem prófdómarar; ef framlengja á réttindin til kennslu fyrir útgáfu blindflugsáritunar skulu a.m.k. 10 þessara tíma vera í formi flugkennslu fyrir blindflugsáritun og þeim skal hafa verið lokið innan næstliðinna tólf mánaða áður en flugkennaravottorðið fellur úr gildi,

C) hvað varðar flugkennara á svifflugum: a.m.k. 60 flugtökum eða 30 flugkennslutímum á svifflugum, vélsvifflugum eða ferðavélsvifflugum sem flugkennarar eða prófdómarar,

D) hvað varðar flugkennara á loftbelgi: a.m.k. 6 flugkennslutíma á loftbelgjum sem flugkennarar eða sem prófdómarar,

ii. þeir skulu hafa lokið upprifjunarþjálfun sem flugkennari hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki eða hjá lögbæra yfirvaldinu; flugkennurum á loftbelgi og flugkennurum á svifflugur er heimilt að ljúka þessari upprifjunarþjálfun fyrir kennara hjá yfirlýstu þjálfunarfyrtæki,

iii. þeir skulu hafa staðist hæfnismat í samræmi við FCL.935 innan næstliðinna tólf mánaða áður en flugkennaravottorðið fellur úr gildi.

2) Fyrir a.m.k. aðra hverja framlengingu hvað varðar flugkennara á flugvélar eða þyrlur eða þriðju hverja framlengingu hvað varðar flugkennara á loftskip, svifflugur og loftbelgi skulu handhafar viðeigandi flugkennaravottorða standast hæfnismat í samræmi við FCL.935.

b) Endurnýjun.

Ef flugkennaravottorðið er fallið úr gildi skulu umsækjendur, innan 12 næstliðinna mánaða fyrir umsóknardag endurnýjunar, hafa lokið upprifjunarþjálfun sem flugkennari hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki eða lögbæru yfirvaldi eða, ef um er að ræða flugkennara á loftbelgi eða flugkennara á svifflugur, hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki, yfirlýstu þjálfunarfyrtæki eða lögbæru yfirvaldi og ljúka hæfnismati í samræmi við lið FCL.935.“

31) Eftirfarandi kemur í stað b- og c-liðar FCL.905.TRI:

„b) útgáfu vottorða tegundarkennara eða flugþjálfakennara, að því tilskildu að handhafinn uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

1) að hafa a.m.k. 50 klukkustunda reynslu af flugkennslu sem tegundarkennari eða flugþjálfakennari í samræmi við þessa reglugerð eða reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012,

2) að hafa kennt verklega hlutann á viðeigandi hluta tegundarkennaranámskeiðsins, skv. 3. lið a-liðar FCL.930.TRI, með fullnægjandi hætti að mati skólastjóra samþykks þjálfunarfyrtækis og

- c) hvað varðar tegundarkennara fyrir einstjórnarflugvélar:
- 1) útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritana fyrir flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu að því tilskildu að umsækjandinn sækir um réttindi til starfrækslu í einstjórnarumhverfi;

veita má tegundarkennara fyrir einstjórnarflugvélar (TRI(SPA)) viðbótarréttindi þannig að þau taki til flugkennslu fyrir tegundaráritanir á flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi, að því gefnu að tegundarkennarinn uppfylli eitthvert eftirfarandi skilyrða:

 - i. hann er eða hefur verið handhafi tegundarkennaravottorðs á fjölstjórnarflugvélar,
 - ii. hann hefur a.m.k. 500 fartíma sem flugmaður í flugvélum við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi og lokið þjálfunarnámskeiði fyrir kennara í áhafnarsamstarfi í samræmi við FCL.930.MCCI,
 - 2) grunnstig MPL-námskeiðs, að því tilskildu að hann hafi viðbótarréttindi sem taka til starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi og hann er eða hefur verið handhafi vottorðs flugkennara á flugvélar (FI(A)) eða blindflugskennara á flugvélar (IRI(A)),“.

32) Í stað liðar FCL.910.TRI kemur eftirfarandi:

„FCL.910.TRI Takmörkuð réttindi

a) Almennt. Ef tegundarkennarþjálfunin fer eingöngu fram í flughermisþjálfum skulu réttindi tegundarkennara takmarkast við þjálfun í slíkum flughermisþjálfum. Þessi takmörkun skal hins vegar fela í sér eftirfarandi réttindi til að stjórna neðangreindu í loftfari:

- 1) leiðarflugi undir umsjón (LIFUS), að því tilskildu að tegundarkennaranámskeiðið hafi falið í sér þá þjálfun sem tiltekin er í i. lið 4. liðar a-liðar FCL.930.TRI,
- 2) lendingarþjálfun, að því tilskildu að tegundarkennaranámskeiðið hafi falið í sér þá þjálfun sem tiltekin er í ii. lið 4. liðar a-liðar FCL.930.TRI eða
- 3) þjálfunarfluginu sem tilgreint er í 2. lið c-liðar FCL.060, að því tilskildu að tegundarkennaranámskeiðið hafi falið í sér þá þjálfun sem um getur í 1. lið a-liðar eða 2. lið a-liðar.

Aflétta skal takmörkunina við flughermisþjálfu ef tegundarkennarar hafa lokið hæfnismati í loftfarinu.

b) Tegundarkennarar á flugvélar og á vænghnitur — TRI(A) og (TRI(PL)). Réttindi tegundarkennara takmarkast við þá tegund flugvélar eða vænghnitu sem þjálfunin og hæfnismatið fór fram á. Nema annað sé ákveðið í gögnunum um örugga starfrækslu skal veita viðbótarréttindi fyrir tegundarkennara þannig að þau taki til annarra tegunda þegar tegundarkennarar hafa:

- 1) lokið, á næstliðnum tólf mánuðum áður en umsóknin er lögð fram, a.m.k. 15 flugum, þ.m.t. flugtökum og landingum á viðeigandi loftfarstegund, þar af má ljúka að hámarki 7 flugum í flughermisþjálfu,
- 2) lokið við viðeigandi hluta tækniþjálfunar og flugkennslu á viðeigandi tegundarkennaranámskeiði,
- 3) staðist viðeigandi hluta hæfnismatsins, í samræmi við lið FCL.935, í þeim tilgangi að sýna flugkennara- prófdómara eða tegundarprófdómara, sem hafa réttindi í samræmi við K-kafla í þessum viðauka, fram á getu sína til að veita flugmanni kennslu á því stigi sem krafist er fyrir útgáfu tegundaráritunar, þar á meðal kennslu í aðgerðum fyrir og eftir flug og kennslu í bóklegum greinum.

Veita skal tegundarkennurum viðbótarréttindi þannig að þau taki til annarra afbrigða í samræmi við gögnin um örugga starfrækslu ef tegundarkennarar hafa lokið viðeigandi hlutum tækniþjálfunar og flugkennslu á viðeigandi tegundarkennaranámskeiði.

c) Tegundarkennarar á þyrlur — TRI(H).

1) Réttindi tegundarkennara á þyrlur takmarkast við þá tegund þyrlu sem hæfnismatið var tekið á fyrir útgáfu tegundarkennaravottorðsins. Nema annað sé ákveðið í gögnunum um örugga starfrækslu skal veita tegundarkennurum viðbótarréttindi þannig að þau taki til annarra tegunda þegar tegundarkennarar hafa:

- i. lokið við viðeigandi hluta tegundarkennaranámskeiðsins er snúa að tækniþjálfun og flugkennslu,

- ii. lokið, innan næstliðinna tólf mánaða fyrir umsóknardaginn, a.m.k. 10 tímum á viðeigandi tegund þyrllu, þar af má ljúka að hámarki 5 tímum í flughermi með fullri hreyfingu eða flugþjálfunartæki 2/3 og
- iii. staðist viðeigandi hluta hæfnismatsins, í samræmi við lið FCL.935, í þeim tilgangi að sýna flugkennara-
prófdómara eða tegundarprófdómara, sem hafa réttindi í samræmi við K-kafla í þessum viðauka, fram á getu sína til að veita flugmanni kennslu á því stigi sem krafist er fyrir útgáfu tegundaráritunar, þar á meðal kennslu í aðgerðum fyrir og eftir flug og kennslu í bóklegum greinum.

Veita skal tegundarkennurum viðbótarréttindi þannig að þau taki til annarra afbrigða í samræmi við gögnin um örugga starfrækslu ef tegundarkennarar hafa lokið viðeigandi hlutum tækniþjálfunar og flugkennslu á viðeigandi tegundarkennaranámskeiði.

- 2) Áður en tegundarkennara á þyrllu í einstjórnarumhverfi eru veitt viðbótarréttindi þannig að þau taki til starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi á sömu tegund þyrlna, skal handhafinn hafa starfrækt flug í fjölstjórnarumhverfi á þeirri tegund í a.m.k. 100 klst.
- d) Þrátt fyrir liðina hér að ofan skulu handhafar tegundarkennaravottorðs, sem hafa fengið tegundaráritun í samræmi við e-lið FCL.725, eiga rétt á því að fá viðbótarréttindi fyrir tegundarkennara þannig að þau taki til þeirrar nýju tegundar loftfars.“

33) Í stað 1. liðar c-liðar í FCL.915.TRI kemur eftirfarandi:

„c) fyrir vottorð tegundarkennara á einstjórnarflugvélar (TRI(SPA)):

- 1) innan næstliðinna tólf mánaða fyrir umsóknardaginn, hafa lokið a.m.k. 30 flugum, þar á meðal flugtökum og landingum sem flugstjóri á viðeigandi tegund flugvélar, þar af má ljúka að hámarki 15 flugum í flughermisþjálfna sem líkir eftir þeirri tegund og“.

34) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið FCL.930.TRI:

a) Í stað inngangsmálsliðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Tegundarkennaranámskeiðið skal aðeins fara fram í loftfarinu ef enginn flughermisþjálfni er tiltækur og aðgengilegur og skal samanstanda af:“.

b) Í stað 3. liðar í a-lið kemur eftirfarandi:

„3) 5 flugkennslutímum á viðeigandi loftfari eða flughermisþjálfna, sem líkir eftir því loftfari, fyrir einstjórnarloftför og 10 tímum fyrir fjölstjórnarloftför eða flughermisþjálfna, sem líkir eftir því loftfari,“.

c) Nýr 4. liður bætist við:

„4) eftirfarandi þjálfun, eftir því sem við á:

- i. sértækri viðbótarþjálfun áður en leiðarflug undir umsjón (LIFUS) fer fram,
- ii. sértækri viðbótarþjálfun áður en landingarþjálfun fer fram. Þessi þjálfun í flughermisþjálfnum skal taka til þjálfunar í verklagsreglum í neyðartilvikum sem tengjast loftfarinu.“

35) Í stað liðar FCL.935.TRI kemur eftirfarandi:

„FCL.935.TRI Hæfnismat

- a) Hæfnismat tegundarkennara fyrir fjölstjórnarflugvélar og vænghnitur skal fara fram í flughermi með fullri hreyfingu. Nota skal loftfar ef enginn flughermir með fullri hreyfingu er tiltækur eða aðgengilegur.
- b) Hæfnismat tegundarkennara fyrir flóknar einstjórnarflugvélar og -þyrllur með mikla afkastagetu skal fara fram í einhverju af eftirfarandi:
 - 1) í tiltækum og aðgengilegum flughermi með fullri hreyfingu,
 - 2) í bæði flughermisþjálfna og loftfari, ef enginn flughermir með fullri hreyfingu er tiltækur eða aðgengilegur,
 - 3) í loftfari, ef enginn flughermisþjálfni er tiltækur eða aðgengilegur.“

36) Í stað liðar FCL.940.TRI kemur eftirfarandi:

„FCL.940.TRI Framlenging og endurnýjun

a) Framlenging

1) Flugvélar

Til að framlengja vottorð tegundarkennara á flugvélar (TRI(A)) skulu umsækjendur, innan næstliðinna tólf mánaða áður en vottorðið fellur úr gildi, uppfylla a.m.k. tvær af eftirfarandi þremur kröfum:

- i. stjórna einum af eftirtöldum hlutum af heildstæðu tegundarnámskeiði eða reglubundnu þjálfunarnámskeiði: flughermissetu í a.m.k. 3 klst. eða einni flugæfingu sem er a.m.k. 1 klst. og samanstendur af a.m.k. tveimur flugtökum og landingum,
- ii. ljúka upprifjunarþjálfun sem tegundarkennari á flugvélar hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki,
- iii. standast hæfnismatið í samræmi við lið FCL.935. Umsækjendur sem hafa uppfyllt 3. lið b-liðar FCL.910.TRI skulu teljast uppfylla þessa kröfu.

2) Þyrlur og vænghnitur

Til að framlengja vottorð tegundarkennara á þyrlur (TRI(H)) eða á vænghnitur (TRI(PL)), skulu umsækjendur, áður en tegundarkennaravottorðið fellur úr gildi, uppfylla a.m.k. tvær af eftirfarandi þrem kröfum:

- i. ljúka a.m.k. 50 flugkennslutímum á öllum þeim tegundum loftfara sem hann hefur kennsluréttindi fyrir eða í flughermisþjálfu, sem líkir eftir þessum tegundum, þar af skal ljúka a.m.k. 15 tímum innan næstliðinna tólf mánaða áður en tegundarkennaravottorðið fellur úr gildi; hvað varðar tegundarkennara á vænghnitur skal þessum tímum lokið sem tegundarkennari eða tegundarprófdómari eða sem flugþjálfakennari eða flugþjálfaprófdómari; hvað varðar tegundarkennara á þyrlur (TRI(H)) skal í þessum tilgangi einnig taka tillit til þess fartíma sem floginn er sem flugkennari, blindflugskennari, flugþjálfakennari fyrir einstjórnarloftför eða sem hvers kyns prófdómari,
 - ii. ljúka upprifjunarþjálfun sem tegundarkennari á þyrlur eða tegundarkennari á vænghnitur, eftir því sem við á, hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki,
 - iii. hafa, á næstliðnum tólf mánuðum áður en vottorðið fellur úr gildi, staðist hæfnismat í samræmi við lið FCL.935, 3. lið b-liðar FCL.910.TRI eða 3. lið c-liðar FCL.910.TRI, eftir því sem við á.
- 3) Fyrir a.m.k. aðra hverja framlengingu á tegundarkennaravottorði skulu handhafar standast hæfnismat í samræmi við lið FCL.935.
- 4) Ef tegundarkennari er handhafi vottorðs fyrir fleiri en eina tegund loftfars innan sömu gerðar skal hæfnismatið, sem fer fram á einni þessara tegunda, fela í sér framlengingu á tegundarkennaravottorðinu fyrir hinar tegundirnar sem aðilinn hefur innan sömu gerðar loftfars, nema annað sé ákveðið í gögnunum um örugga starfrækslu.
- 5) Sértekar kröfur fyrir framlengingu á vottorði tegundarkennara á þyrlur
- Tegundarkennari á þyrlur, sem er handhafi vottorðs flugkennara á þyrlur á viðeigandi tegund, skal teljast uppfylla kröfur a-liðar. Í því tilviki skal vottorð tegundarkennara á þyrlur vera í gildi þar til vottorð flugkennara á þyrlur fellur úr gildi.

b) Endurnýjun

Til að endurnýja tegundarkennaravottorð skulu umsækjendur, innan næstliðinna tólf mánaða fyrir umsóknardaginn, hafa staðist hæfnismat í samræmi við lið FCL.935 og skulu hafa lokið eftirfarandi:

1) fyrir flugvélar:

- i. a.m.k. 30 flugum, þ.m.t. flugtökum og landingum á viðeigandi tegund flugvélar, þar af má ljúka að hámarki 15 flugum í flughermi með fullri hreyfingu,
- ii. upprifjunarþjálfun sem tegundarkennari hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki, sem skal ná yfir viðeigandi þætti tegundarkennaranámskeiðsins,

2) fyrir þyrlur og vænghnitur:

- i. a.m.k. 30 fartímum, þ.m.t. flugtökum og landingum á viðeigandi tegund loftfars, þar af má ljúka að hámarki 5 tímum í flughermi með fullri hreyfingu eða flugþjálfunartæki 2/3,

- ii. upprifjunarþjálfun sem tegundarkennari hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki, sem skal ná yfir viðeigandi þætti tegundarkennaranámskeiðsins.
- 3) Ef umsækjendur eru handhafar vottorðs fyrir fleiri en eina tegund loftfars innan sömu gerðar skal hæfnismatið, sem fer fram á einni þessara tegunda, fela í sér endurnýjun á tegundarkennaravottorðinu fyrir hinar tegundirnar sem aðilinn hefur innan sömu gerðar loftfars, nema annað sé ákveðið í gögnunum um örugga starfrækslu.“
- 37) Eftirfarandi ba-liður bætist við eftir b-lið í lið FCL.905.CRI:
- „ba) Réttindi flokkskennara eru þau að veita kennslu fyrir flokks- og tegundaráritanir fyrir einstjórnarflugvélar, að undanskildum flóknum einstjórnarflugvélum með mikla afkastagetu, sem flogið er í fjölstjórnarumhverfi, að því tilskildu að flokkskennarar uppfylli einhver eftirfarandi skilyrða:
- 1) viðkomandi er eða hefur verið handhafi vottorðs tegundarkennara á fjölstjórnarflugvélar,
 - 2) viðkomandi hefur a.m.k. 500 fartíma sem flugmaður í flugvélum við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi og hefur lokið þjálfunarnámskeiði fyrir kennara í áhafnarsamstarfi í samræmi við lið FCL.930.MCCI.“
- 38) Í stað 3. liðar a-liðar í FCL.930.CRI kemur eftirfarandi:
- „3) 5 flugkennslutímum í fjölhreyfla flugvélum eða flughermisþjálfá sem samsvarar þeim flokki eða tegund flugvélar, þ.m.t. a.m.k. 3 tímum í flugvélinni, eða a.m.k. 3 flugkennslutímum í eins hreyfils flugvélum, en flugkennsla skal vera í höndum flugkennara á flugvél, sem hefur réttindi í samræmi við j-lið FCL.905.FI.“
- 39) Í stað liðar FCL.940.CRI kemur eftirfarandi:
- „FCL.940.CRI Framlenging og endurnýjun**
- a) Til að framlengja flokkskennaravottorð skulu umsækjendur, áður en flokkskennaravottorðið fellur úr gildi, uppfylla a.m.k. tvær af eftirfarandi þrem kröfum:
- 1) veita a.m.k. 10 flugkennslutíma sem flokkskennari; ef umsækjendurnir hafa réttindi flokkskennara á bæði eins hreyfils og fjölhreyfla flugvélar skal þessum flugkennslutímum skipt jafnt á milli eins hreyfils og fjölhreyfla flugvéla,
 - 2) ljúka upprifjunarþjálfun sem flokkskennari hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki eða hjá lögbæru yfirvaldi,
 - 3) standast hæfnismatið í samræmi við lið FCL.935 fyrir fjölhreyfla eða eins hreyfils flugvélar, eins og við á.
- b) Fyrir a.m.k. aðra hverja framlengingu á flokkskennaravottorði skulu handhafar hafa uppfyllt kröfuna í 3. lið a-liðar.
- c) Endurnýjun
- Ef flokkskennaravottorðið er fallið úr gildi skal endurnýja það ef umsækjendur hafa, á næstliðnu tólf mánaða tímabili áður en umsókn um endurnýjun er lögð fram:
- 1) lokið upprifjunarþjálfun sem flokkskennari hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki eða hjá lögbæru yfirvaldi,
 - 2) lokið hæfnismati eins og krafist er í lið FCL.935.“
- 40) Í stað 2. liðar b-liðar FCL.915.IRI kemur eftirfarandi:
- „2) hvað varðar umsækjendur um blindflugsáritun fyrir fjölhreyflaþyrlur, uppfylla kröfurnar í ii. lið 3. liðar h-liðar FCL.905.FI,“.
- 41) Í stað ii. liðar 3. liðar a-liðar FCL.930.IRI kemur eftirfarandi:
- „ii. fyrir blindflugskenningararéttindi á þyrlur, a.m.k. 10 flugkennslutíma á þyrlu, flughermi með fullri hreyfingu, flugþjálfunartæki 2/3 eða flugleiðsögubjálfa II/III. Ef um er að ræða umsækjendur með vottorð flugkennara á þyrlur fer þessi tímafjöldi niður í a.m.k. fimm.“
- 42) Í stað liðar FCL.905.SFI kemur eftirfarandi:
- „FCL.905.SFI Réttindi og skilyrði**
- a) Réttindi flugþjálfakennara eru að veita kennslu í flugþjálfá innan viðeigandi gerðar loftfars fyrir:
- 1) framlengingu og endurnýjun blindflugsáritunar, að því tilskildu að þeir séu eða hafi verið handhafar blindflugsáritunar á viðeigandi gerð loftfars,
 - 2) útgáfu blindflugsáritunar, að því tilskildu að þeir séu eða hafi verið handhafar blindflugsáritunar á viðeigandi gerð loftfars og hafi lokið blindflugskenningaránámskeiði.

b) Réttindi flugþjálfakennara fyrir einstjórnarflugvélar eru að veita kennslu í flugþjálfu fyrir:

- 1) útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritana fyrir flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu ef umsækjendurnir sækja um réttindi til starfrækslu í einstjórnarumhverfi;

veita má flugþjálfakennara með réttindi á einstjórnarflugvélar viðbótarréttindi þannig að þau taki til flugkennslu fyrir tegundaráritanir á flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi, að því gefnu að flugþjálfakennarinn uppfylli eftirfarandi skilyrði:

- i. viðkomandi er eða hefur verið handhafi vottorðs tegundarkennara á fjölstjórnarflugvélar,
 - ii. viðkomandi hefur a.m.k. 500 fartíma sem flugmaður í flugvélum við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi og hefur lokið þjálfunarnámskeiði fyrir kennara í áhafnarsamstarfi í samræmi við lið FCL.930.MCCI,
- 2) grunnstig námskeiðsins í áhafnarsamstarfi og MPL-þjálfunarnámskeiðsins, að því tilskildu að veitt hafi verið viðbótaráritun við réttindi flugþjálfakennara á einstjórnarflugvélar þannig að þau taki til starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi í samræmi við 1. lið.

c) Réttindi flugþjálfakennara fyrir fjölstjórnarflugvélar eru að veita kennslu í flugþjálfu fyrir:

- 1) útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritana fyrir fjölstjórnarflugvélar og, ef umsækjendur sækja um réttindi til að starfrækja flug í fjölstjórnarumhverfi, fyrir flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu,
- 2) námskeiðið í áhafnarsamstarfi,
- 3) grunn-, milli- og framhaldsstig MPL-þjálfunarnámskeiðsins, að því tilskildu, hvað varðar grunnstigið, að þeir eru eða hafa verið handhafar vottorðs flugkennara eða blindflugskennara á flugvélar,

d) Réttindi flugþjálfakennara fyrir þyrlur eru að veita kennslu í flugþjálfu fyrir:

- 1) útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritana fyrir þyrlur,
- 2) þjálfun í áhafnarsamstarfi ef flugþjálfakennarar hafa réttindi til að kenna á fjölstjórnarþyrlur.“

43) Í stað liðar FCL.910.SFI kemur eftirfarandi:

„FCL.910.SFI Takmörkuð réttindi

Takmarka skal réttindi flugþjálfakennara við flugþjálfunartæki 2/3 eða flughermi með fullri hreyfingu af sama tagi og það loftfar sem notað var á flugþjálfakennaranámskeiðinu.

Veita má viðbótarréttindi þannig að þau taki til annarra flughermisþjálfu, sem líkja eftir öðrum tegundum innan sömu gerðar loftfars, ef handhafar hafa:

- a) lokið þeim hluta námskeiðsins til tegundaráritunar sem snýr að flughermum,
- b) lokið við viðeigandi hluta tækniþjálfunar og flughermisþjálfahluta flugkennslunámskrárinnar á viðeigandi tegundarkennaranámskeiði,
- c) stjórnað, á heildstæðu námskeiði til tegundaráritunar, flugkennslu sem stendur í minnst þrjá tíma og sem tengist störfum flugþjálfakennara á viðeigandi tegund undir umsjón og með fullnægjandi árangri að mati tegundarprófdómara eða flugþjálfaprófdómara, sem hefur réttindi þar að lútandi.

Veita skal flugþjálfakennara viðbótarréttindi þannig að þau taki til annarra afbrigða í samræmi við gögnin um örugga starfrækslu ef flugþjálfakennarinn hefur lokið þeim hlutum tækniþjálfunarinnar er snúa að tegundinni og flughermisþjálfahluta flugkennslunámskrárinnar á viðeigandi tegundarkennaranámskeiði.“

44) Í stað 2. liðar a-liðar í FCL.930.SFI kemur eftirfarandi:

- „2) viðeigandi hluta tækniþjálfunarinnar og flughermisþjálfahluta flugkennslunámskrárinnar á viðeigandi tegundarkennaranámskeiði.“

45) Í stað liðar FCL.940.SFI kemur eftirfarandi:

„FCL.940.SFI Framlenging og endurnýjun

a) Framlenging

Fyrir framlengingu á vottorði flugþjálfakennara skulu umsækjendur, áður en vottorðið fellur úr gildi, uppfylla a.m.k. tvær af eftirfarandi þrem kröfum:

- 1) hafa lokið a.m.k. 50 tímum sem kennarar eða prófdómarar í flughermisþjálfum, þar af skulu a.m.k. 15 tímar vera innan næstliðinna tólf mánaða áður en vottorðið fyrir flugþjálfakennara fellur úr gildi,
- 2) hafa lokið upprifjunarþjálfun sem flugþjálfakennari hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki,
- 3) hafa staðist viðeigandi þætti hæfnismatsins í samræmi við lið FCL.935.

b) Umsækjendurnir skulu enn fremur hafa lokið hæfniprófum fyrir útgáfu þessara tilteknu tegundaráritana fyrir loftför, í flughermi með fullri hreyfingu, sem líkir eftir þeim tegundum sem þeir hafa réttindi fyrir.

c) Fyrir a.m.k. aðra hverja framlengingu á vottorði flugþjálfakennara skulu handhafar uppfylla kröfuna í 3. lið a-liðar.

d) Ef flugþjálfakennari er handhafi vottorðs fyrir fleiri en eina tegund loftfars innan sömu gerðar skal hæfnismatið, sem fram fer er á einni þessara tegunda, fela í sér framlengingu á vottorði flugþjálfakennara fyrir hinar tegundirnar sem aðilinn hefur innan sömu gerðar loftfars, nema annað sé ákveðið í gögnunum um örugga starfrækslu.

e) Endurnýjun

Til að endurnýja vottorð flugþjálfakennara skulu umsækjendur, innan næstliðinna tólf mánaða áður en umsóknin um endurnýjun er lögð fram, uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

- 1) hafa lokið upprifjunarþjálfun sem flugþjálfakennari hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki,
- 2) hafa staðist hæfnismatið í samræmi við lið FCL.935,
- 3) hafa lokið færniprófinu fyrir útgáfu þessara tilteknu tegundaráritana fyrir loftför, í flughermi sem líkir eftir þeim tegundum sem réttindin skulu endurnýjuð fyrir.“

46) Í stað liðar FCL.910.STI kemur eftirfarandi:

„FCL.910.STI Takmörkuð réttindi

Réttindi flugþjálfakennara á einstjórnarloftför (STI) skulu takmarkast við þann flughermisþjálfva sem notaður var á flugþjálfakennaranámskeiðinu fyrir einstjórnarloftför.

Veita má viðbótarréttindi þannig að þau taki til annarra flughermisþjálfva, sem líkja eftir öðrum tegundum loftfara, ef handhafar, á næstliðnum 12 mánuðum áður en umsóknin er lögð fram, hafa:

- a) lokið við þann hluta flokkskennara- eða tegundarkennaranámskeiðsins sem snýr að flughermum um þann flokk eða þá tegund loftfars sem sótt er um kennsluréttindi fyrir,
- b) staðist viðeigandi hluta hæfniprófsins, í samræmi við 9. viðbæti við þennan viðauka fyrir viðkomandi flokk eða tegund loftfars, í þeim flughermisþjálfva þar sem flugkennsla fer fram;

fyrir flugþjálfakennara á einstjórnarflugvélar (STI(A)), sem kenna eingöngu á grunnþjálfunartæki fyrir blindflug, skal hæfniprófið aðeins fela í sér æfingar sem eiga við færnipróf fyrir útgáfu einkaflugmannsskirteinis fyrir flugvélar,

c) stjórnað, á námskeiði til CPL-skírteinis, blindflugskráritunar, PPL-skírteinis eða á námskeiði til flokks- eða tegundaráritunar, a.m.k. 3 flugkennslutímum undir umsjón flugkennara, flokkskennara á flugvél, blindflugskennara eða tegundarkennara, sem tilnefndir eru í þessu skyni af samþykktu þjálfunarfyrtæki, þ.m.t. a.m.k. einum flugkennslutíma undir eftirliti flugkennaraprófdómara á viðeigandi gerð loftfars.“

47) Í stað liðar FCL.915.STI kemur eftirfarandi:

„FCL.915.STI Forsendur

a) Umsækjendur um útgáfu vottorðs flugþjálfakennara á einstjórnarloftför skulu:

- 1) innan þriggja næstliðinna ára áður en umsóknin var lögð fram, vera eða hafa verið handhafar flugmannsskirteinis og kennsluréttinda sem hæfa námskeiðunum sem kennslan er ætluð fyrir,

- 2) hafa lokið viðeigandi hæfniprófi á flughermisþjálfá fyrir flokks- eða tegundaráritunina, á næstliðnum 12 mánuðum áður en umsóknin er lögð fram.

Umsækjendur um útgáfu vottorðs flugþjálfakennara á einstjórnarflugvélar (STI(A)), sem óska eftir því að kenna eingöngu á grunnþjálfunartæki fyrir blindflug, skulu ljúka æfingunum sem eiga aðeins við um færniþróf fyrir útgáfu PPL(A)-skírteinis.

- b) Til viðbótar þeim kröfum sem mælt er fyrir um í a-lið skulu umsækjendur um útgáfu vottorðs flugþjálfakennara á einstjórnarþyrlur (STI(H)) hafa lokið a.m.k. einum fartíma sem áhorfandi í stjórnklefa á viðkomandi þyrlutegund á næstliðnum tólf mánuðum áður en umsóknin er lögð fram.“

48) Í stað liðar FCL.940.STI kemur eftirfarandi:

„FCL.940.STI Framlenging og endurnýjun vottorðs flugþjálfakennara fyrir einstjórnarloftför

a) Framlenging

Til að framlengja vottorð flugþjálfakennara fyrir einstjórnarloftför skulu umsækjendur, innan næstliðinna tólf mánaða áður en vottorðið fellur úr gildi, uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

- 1) hafa stjórnað a.m.k. 3 flugkennslutímum í flughermisþjálfá sem hluta af heildstæðu námskeiði til CPL-skírteinis, blindflugsáritunar, PPL-skírteinis eða námskeiði til flokks- eða tegundaráritunar,
- 2) hafa staðist viðeigandi hluta hæfniprófsins, í samræmi við 9. viðbæti við þennan viðauka fyrir viðkomandi flokk eða tegund loftfars, í þeim flughermisþjálfá þar sem flugkennsla fer fram.

Fyrir flugþjálfakennara á einstjórnarflugvélar (STI(A)), sem kennir eingöngu á grunnþjálfunartæki fyrir blindflug, skal hæfniprófið aðeins fela í sér æfingar sem eiga við færniþróf fyrir útgáfu PPL(A)-skírteinis.

b) Endurnýjun

Til að endurnýja vottorð flugþjálfakennara á einstjórnarloftför skulu umsækjendur, innan næstliðinna tólf mánaða áður en umsóknin um endurnýjun er lögð fram:

- 1) ljúka upprifjunarþjálfun sem flugþjálfakennari á einstjórnarloftför hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki,
- 2) standast viðeigandi hluta hæfniprófsins, í samræmi við 9. viðbæti við þennan viðauka fyrir viðkomandi flokk eða tegund loftfars, í þeim flughermisþjálfá þar sem flugkennsla fer fram;

fyrir flugþjálfakennara á einstjórnarflugvélar (STI(A)), sem kennir eingöngu á grunnþjálfunartæki fyrir blindflug, skal hæfniprófið aðeins fela í sér æfingar sem eiga við færniþróf fyrir útgáfu PPL(A)-skírteinis,

- 3) stjórna, á viðeigandi gerð loftfars, á heildstæðu námskeiði til CPL-skírteinis, blindflugsáritunar, PPL-skírteinis eða á námskeiði til flokks- eða tegundaráritunar, a.m.k. 3 flugkennslutímum undir umsjón flugkennara, flokkskennara, blindflugskennara eða tegundarkennara, sem tilnefndir eru í þessu skyni af samþykktu þjálfunarfyrtæki, þ.m.t. a.m.k. einum flugkennslutíma undir eftirliti flugkennaraprófdómara á viðeigandi gerð loftfars.“

49) Í stað liðar FCL.1000 kemur eftirfarandi:

„FCL.1000 Prófdómaravottorð

a) Almennt

Handhafar prófdómaravottorðs skulu:

- 1) nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka, vera handhafar skírteinis, áritunar eða vottorðs, sem er jafngilt því sem þeir hafa leyfi til að prófa fyrir í færniþrófum, hæfniprófum eða hæfnismati, og vera með réttindi til að veita kennslu þar að lútandi,
- 2) hafa réttindi til að starfa sem flugstjóri á loftfarinu við færniþróf, hæfnipróf eða hæfnismat ef slíkt fer fram á loftfarinu.

b) Sérstök skilyrði:

- 1) Lögbæra yfirvaldið má gefa út sérstakt vottorð sem gefur réttindi til að framkvæma færni- og hæfnipróf og hæfnismat ef ekki reynist mögulegt að fara að kröfunum, sem settar eru fram í þessum kafla, í tengslum við eftirfarandi:

- i. þegar ný tegund loftfars er tekin í notkun í aðildarríkjunum eða í flota flugrekanda,

ii. innleiðingu nýrra þjálfunarnámskeiða í þessum viðauka.

Slíkt vottorð takmarkast við þau færni- og hæfnipróf og hæfnismat sem nauðsynleg eru þegar nýja loftfars-tegundin er tekin í notkun eða við innleiðingu nýja þjálfunarnámskeiðsins en gildistími þess skal ekki undir neinum kringumstæðum vera lengri en eitt ár.

- 2) Handhafar vottorðs, sem gefið er út í samræmi við 1. lið b-liðar, sem vilja sækja um prófdómaravottorð skulu uppfylla forsendurnar og kröfurnar um framlengingu sem gilda fyrir prófdómaravottorð í þeim flokki.
- 3) Ef enginn prófdómari sem hefur réttindi er tiltækur mega lögbær yfirvöld, í hverju tilviki fyrir sig, leyfa eftirlitsmönnum eða prófdómurum, sem ekki uppfylla viðeigandi kröfur sem eru tilgreindar í a-lið varðandi kennara eða tegundar- eða flokksáritanir, að framkvæma færni- og hæfnipróf og hæfnismat.

c) Próf sem haldið er utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna:

- 1) Þrátt fyrir a-lið, ef um er að ræða færni- og hæfnipróf sem haldin eru utan þess yfirráðasvæðis sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum, skal lögbæra yfirvaldið gefa út prófdómaravottorð til umsækjenda sem eru handhafar flugmannsskírteinis sem uppfyllir kröfur 1. viðauka Chicago-samningsins, að því tilskildu að umsækjendurnir:

- i. séu að minnsta kosti handhafar skírteinis, áritunar eða vottorðs, sem er jafngilt því sem þeir hafa leyfi til að prófa fyrir í færni- og hæfniprófum, hæfniprófum eða hæfnismati og séu í öllum tilvikum a.m.k. handhafar CPL-skírteinis,
- ii. hafi réttindi til að starfa sem flugstjóri á loftfarinu við færni- og hæfnipróf sem fer fram á loftfarinu,
- iii. uppfylli kröfurnar sem kveðið er á um í þessum kafla fyrir útgáfu viðeigandi prófdómaravottorðs og
- iv. sýni lögbæra yfirvaldinu fram á viðunandi þekkingu á evrópskum flugöryggisreglum svo hann geti neytt prófdómararéttinda sinna í samræmi við þennan viðauka.

- 2) Vottorðið sem vísað er til í 1. lið skal takmarkast við það að framkvæma færni- og hæfnipróf:

- i. utan yfirráðasvæðanna sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum og
- ii. til handa flugmönnum sem hafa nægilega kunnáttu á því tungumáli sem færni-/hæfniprófið fer fram á.“

50) Í stað liðar FCL.1005 kemur eftirfarandi:

„FCL.1005 Réttindi takmörkuð í tengslum við eiginhagsmuni

Prófdómarar skulu ekki framkvæma:

- a) færni- og hæfnipróf eða hæfnismat umsækjenda vegna útgáfu skírteinis, áritunar eða vottorðs hjá þeim sem þeir hafa sjálfir veitt meira en 25% af þeirri flugkennslu sem krafist er fyrir það skírteini, áritun eða vottorð, sem færni- og hæfniprófið eða hæfnismatið er þreytt fyrir og
- b) færni- og hæfnipróf eða hæfnismat ef þeir eru ekki vissir um að þeir geti verið hlutlausir.“

51) Í stað liðar FCL.1025 kemur eftirfarandi:

„FCL.1025 Gildistími, framlenging og endurnýjun prófdómaravottorða

- a) Gildistími

Prófdómaravottorð skal gilda í 3 ár.

- b) Framlenging

Til að framlengja gildistíma prófdómaravottorðs skulu handhafar uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

- 1) hafa framkvæmt sex færni- og hæfnipróf, hæfnipróf eða hæfnismöt áður en vottorðið fellur úr gildi,

- 2) hafa lokið, á næstliðnum 12 mánuðum áður en vottorðið fellur úr gildi, upprifjunarnámskeiði fyrir prófdómara sem lögbæra yfirvaldið heldur eða sem samþykkt þjálfunarfyrtæki heldur og samþykkt er af lögbæra yfirvaldinu; prófdómari, sem er handhafi vottorðs fyrir svifflugur eða loftbelgi má hafa, á næstliðnum 12 mánuðum áður en vottorðið fellur úr gildi, sótt upprifjunarnámskeið fyrir prófdómara sem yfirlýst þjálfunarfyrtæki heldur og lögbæra yfirvaldið samþykkir,
- 3) á næstliðnum 12 mánuðum áður en prófdómaravottorðið fellur úr gildi skulu þeir framkvæma eitt færniþróf, hæfniþróf eða hæfnismat, sem um getur í 1. lið, og skulu:
- hafa verið metnir af eftirlitsmanni frá lögbæra yfirvaldinu eða af yfirprófdómara, sem hefur til þess sérstakt leyfi frá því lögbæra yfirvaldi sem ber ábyrgð á prófdómaravottorðinu eða
 - uppfylla kröfurnar í lið FCL.1020.
- Ef umsækjendur um framlenginguna eru handhafar réttinda í fleiri en einum flokki má framlengja öll prófdómararéttindi ef umsækjendurnir uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. og 2. lið b-liðar og í lið FCL.1020 fyrir einn þeirra flokka sem prófdómaravottorð þeirra taka til, með samþykki lögbæra yfirvaldsins.
- c) Endurnýjun
- Ef vottorðið er útrunnið skulu umsækjendurnir, áður en þeir neyta réttindanna á ný, uppfylla kröfurnar í 2. lið b-liðar og í lið FCL.1020 á næstliðnum 12 mánuðum áður en umsóknin um endurnýjun er lögð fram.
- d) Prófdómaravottorð skal aðeins framlengja eða endurnýja ef umsækjendurnir sýna fram á að þeir fari enn að kröfunum sem mælt er fyrir um í liðum FCL.1010 og FCL.1030.“
- 52) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið FCL.1005.TRE:
- Í stað 5. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„5) hæfnismat fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun vottorða fyrir tegundarkennara eða flugþjálfakennara á viðeigandi gerð loftfars, að því tilskildu að þeir hafi a.m.k. 3 ár að baki sem tegundarprófdómarar og hafi farið í gegnum sérstaka þjálfun í hæfnismati í samræmi við b-lið FCL.1015.“
 - Í stað 4. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„4) hæfnismat fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun vottorða tegundarkennara á þyrllur eða flugþjálfakennara á þyrllur, að því tilskildu að þeir hafi a.m.k. 3 ár að baki sem tegundarprófdómari og hafi farið í gegnum sérstaka þjálfun í hæfnismati í samræmi við b-lið FCL.1015.“
- 53) Í stað b-liðar í FCL.1005.CRE kemur eftirfarandi:
- „b) hæfniþróf fyrir:
- framlengingu eða endurnýjun flokks- og tegundaráritana,
 - framlengingu blindflugsáritana, að því tilskildu að þeir hafi a.m.k. 1500 fartíma sem flugmaður á flugvélum og hafi lokið a.m.k. 450 fartímum samkvæmt blindflugsreglum,
 - endurnýjun blindflugsáritana, að því tilskildu að þeir uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í a-lið FCL.1010.IRE og
 - framlengingu og endurnýjun blindflugsáritana í flugleið, að því tilskildu að þeir hafi lokið a.m.k. 1500 fartímum sem flugmaður á flugvél og uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. lið a-liðar í FCL.1010.IRE.“
- 54) Í stað b-liðar í FCL.1010.CRE kemur eftirfarandi:
- „b) hafa flokkskennara- eða flugkennaravottorð með kennsluréttindi fyrir viðeigandi flokk eða tegund,“.
- 55) Í stað liðar FCL.1010.IRE kemur eftirfarandi:
- „FCL.1010.IRE Forsendur**
- Blindflugsprófdómari fyrir flugvélur
- Umsækjendur um blindflugsprófdómaravottorð fyrir flugvélur skulu vera handhafar vottorðs blindflugskenndara á flugvélur eða flugkennara á flugvélur með réttindi til að veita kennslu til blindflugsáritunar á flugvélur og skulu hafa lokið:
- 2000 fartímum sem flugmenn á flugvélum og

- 2) 450 fartímum samkvæmt blindflugsreglum, þar af skulu 250 fartímar vera í hlutverki kennara.
- b) Blindflugsprófdómari fyrir þyrlur
- Umsækjendur um blindflugsprófdómaravottorð fyrir þyrlur skulu vera handhafar vottorðs blindflugskennara á þyrlur eða flugkennara á þyrlur með réttindi til að veita kennslu til blindflugsáritunar á þyrlur og skulu hafa lokið:
- 1) 2000 fartímum sem flugmenn á þyrlum og
 - 2) 300 blindflugstímum á þyrlum, þar af skulu 200 fartímar vera í hlutverki kennara.
- c) Blindflugsprófdómari fyrir loftskip
- Umsækjendur um blindflugsprófdómaravottorð fyrir loftskip skulu vera handhafar vottorðs blindflugskennara á loftskip eða flugkennara á loftskip með réttindi til að veita kennslu til blindflugsáritunar á loftskip og skulu hafa lokið:
- 1) 500 fartímum sem flugmenn á loftskipum og
 - 2) 100 blindflugstímum á loftskipum, þar af skulu 50 fartímar vera í hlutverki kennara.“
- 56) Í stað liðar FCL.1005.SFE kemur eftirfarandi:

„FCL.1005.SFE Réttindi og skilyrði

- a) Flugþjálfaprófdómari fyrir flugvélar (SFE(A)) og flugþjálfaprófdómari fyrir vænghnitur (SFE(PL))

Réttindi flugþjálfaprófdómara fyrir flugvélar eða fyrir vænghnitur eru að framkvæma eftirfarandi í flughermi með fullri hreyfingu eða í viðeigandi flughermisþjálfá fyrir matið í 5. lið:

- 1) færni- og hæfnipróf fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun tegundaráritana fyrir flugvélar eða vænghnitur, eftir því sem við á,
- 2) hæfnipróf fyrir framlengingu eða endurnýjun blindflugsáritana ef það er gert á sama tíma og tegundaráritun er framlengd eða endurnýjuð, að því tilskildu að þeir hafi staðist hæfnipróf fyrir loftfarstegundina, þ.m.t. blindflugsáritunina, á næstliðnu ári,
- 3) færni- og hæfnipróf fyrir útgáfu ATPL(A)-skírteinis,
- 4) færni- og hæfnipróf fyrir útgáfu MPL-skírteinis, að því tilskildu að þeir hafi uppfyllt kröfurnar sem mælt er fyrir um í lið FCL.925 og
- 5) hæfnismat fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun vottorðs flugþjálfakennara á viðeigandi gerð loftfars, að því tilskildu að þeir hafi a.m.k. 3 ár að baki sem flugþjálfaprófdómari á flugvélar og hafi farið í gegnum sérstaka þjálfun í hæfnismati í samræmi við b-lið liðar FCL.1015.

- b) Flugþjálfaprófdómari á þyrlur (SFE(H))

Réttindi flugþjálfaprófdómara á þyrlur eru að framkvæma eftirfarandi í flughermi með fullri hreyfingu eða í viðeigandi flughermisþjálfá að því er varðar matið í 4. lið:

- 1) færni- og hæfnipróf fyrir útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritana,
- 2) hæfnipróf fyrir framlengingu og endurnýjun blindflugsáritana ef þau próf eru tekin á sama tíma og tegundaráritun er framlengd eða endurnýjuð, að því tilskildu að flugþjálfaprófdómaramir hafi staðist hæfnipróf fyrir viðkomandi loftfarstegund, þ.m.t. blindflugsáritunina, á næstliðnu ári áður en hæfniprófið er þreytt,
- 3) færni- og hæfnipróf fyrir útgáfu ATPL(H)-skírteinis og
- 4) hæfnismat fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun vottorðs flugþjálfakennara á þyrlur, að því tilskildu að þeir hafi a.m.k. 3 ár að baki sem tegundarprófdómari fyrir þyrlur og hafi farið í gegnum sérstaka þjálfun í hæfnismati í samræmi við b-lið liðar FCL.1015.“

- 57) Í stað liðar FCL.1010.SFE kemur eftirfarandi:

„FCL.1010.SFE Forsendur

- a) Flugþjálfaprófdómari fyrir flugvélar

Umsækjendur um vottorð flugþjálfaprófdómara fyrir flugvélar skulu uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

- 1) hvað varðar fjölstjórnarflugvélar:
 - i. vera eða hafa verið handhafar ATPL(A)-skírteinis og tegundaráritunar fyrir viðeigandi tegund flugvélar,

- ii. vera handhafar vottorðs flugþjálfakennara fyrir flugvélar fyrir viðeigandi tegund flugvélar og
 - iii. hafa a.m.k. 1500 fartíma sem flugmenn á fjölstjórnarflugvélum,
- 2) hvað varðar flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu:
- i. vera eða hafa verið handhafar CPL(A)- eða ATPL(A)-skírteinis og tegundaráritunar fyrir viðeigandi tegund flugvélar,
 - ii. vera handhafar vottorðs flugþjálfakennara fyrir flugvélar fyrir viðeigandi flokk eða tegund flugvélar,
 - iii. hafa a.m.k. 500 fartíma sem flugmenn á einstjórnarflugvélum,
- 3) fyrir fyrstu útgáfu flugþjálfaprófdómaravottorðs, hafa lokið a.m.k. 50 fartímum í kennslu í flugþjálfá sem tegundarkennari á flugvélar eða flugþjálfakennari á flugvélar, á viðeigandi tegund.
- b) Flugþjálfaprófdómari fyrir þyrlur
- Umsækjendur um vottorð flugþjálfaprófdómara fyrir þyrlur skulu uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:
- 1) vera eða hafa verið handhafar ATPL(H)-skírteinis og tegundaráritunar fyrir viðeigandi tegund þyrlna,
 - 2) vera handhafar vottorðs flugþjálfakennara fyrir þyrlur fyrir viðeigandi tegund þyrlna,
 - 3) hafa a.m.k. 1000 fartíma sem flugmenn á fjölstjórnarþyrlum,
 - 4) fyrir fyrstu útgáfu flugþjálfaprófdómaravottorðs, hafa lokið a.m.k. 50 fartímum í kennslu í flugþjálfá sem tegundarkennari á þyrlur eða flugþjálfakennari á þyrlur, á viðeigandi tegund.“
- 58) Í stað liða 1.1 og 1.2 í 1. viðbæti kemur eftirfarandi:
- „1.1. Fyrir útgáfu LAPL-skírteinis skal handhafi LAPL-skírteinis fyrir aðra gerð loftfars hljóta fulla viðurkenningu fyrir bóklega þekkingu á þeim almennu námsgreinum sem kveðið er á um í lið FCL.120. Hins vegar skal námsgreinin „flugleiðsaga“ aðeins hljóta slíka viðurkenningu ef um er að ræða handhafa LAPL(A)-skírteinis sem sækir um útgáfu LAPL(H)-skírteinis eða handhafa LAPL(H)-skírteinis sem sækir um LAPL(A)-skírteini.
 - 1.2. Fyrir útgáfu LAPL(A)-skírteinis, LAPL(H)-skírteinis eða PPL-skírteinis skulu handhafar PPL-skírteinis, CPL-skírteinis eða ATPL-skírteinis fyrir aðra gerð loftfars hljóta fulla viðurkenningu fyrir bóklega þekkingu á þeim almennu námsgreinum sem kveðið er á um í 1. lið a-liðar FCL.215.“
- 59) Í 1. viðbæti bætist við nýr liður sem liður 1.2a:
- „1.2a Fyrir útgáfu LAPL(B)-skírteinis, LAPL(S)-skírteinis, BPL-skírteinis eða SPL-skírteinis skulu handhafar skírteinis fyrir aðra gerð loftfars hljóta fulla viðurkenningu fyrir bóklega þekkingu á þeim almennu námsgreinum sem kveðið er á um í 1. lið b-liðar FCL.215.“
- 60) Í stað b-liðar 9. liðar í A-hluta 3. viðbætis kemur eftirfarandi:
- „b) 70 tímum sem flugstjóri, þar af mega allt að 55 tímar vera sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC); blindflugstíminn sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC) skal aðeins teljast sem fartími sem flugstjóri að hámarki upp að 20 fartímum,“.
- 61) Í stað b-liðar 8. liðar í C-hluta 3. viðbætis kemur eftirfarandi:
- „b) 70 tímum sem flugstjóri, þar af mega allt að 55 tímar vera sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC); blindflugstíminn sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC) skal aðeins teljast sem fartími sem flugstjóri að hámarki upp að 20 fartímum,“.
- 62) Í stað b-liðar 8. liðar í D-hluta 3. viðbætis kemur eftirfarandi:
- „b) 70 tímum sem flugstjóri, þar af mega allt að 55 tímar vera sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC),“.
- 63) Í stað a-liðar 3. liðar í E-hluta 3. viðbætis kemur eftirfarandi:
- „a) hafa lokið 150 fartímum.
- Að undanskilinni kröfunni um 50 fartíma sem flugstjóri í flugvélum, má meta tíma sem flugstjóri í öðrum gerðum loftfara upp í kröfuna um 150 fartíma í flugvél í eftirfarandi tilvikum:
- 1) 20 tíma á þyrlum, ef umsækjandinn er handhafi PPL(H)-skírteinis,
 - 2) 50 tíma á þyrlum, ef umsækjandinn er handhafi CPL(H)-skírteinis,
 - 3) 10 tíma á ferðavélsvifflugum eða svifflugum,

- 4) 20 tímar á loftskipum, ef umsækjandinn er handhafi PPL(As)-skírteinis,
 5) 50 tímar á loftskipum, ef umsækjandinn er handhafi CPL(As)-skírteinis,“.
- 64) Í stað a-liðar 3. liðar í K-hluta 3. viðbættis kemur eftirfarandi:

„a) hafa lokið 155 fartímum, þ.m.t. 50 tímum sem flugstjóri á þyrllu, en þar af skulu 10 tímar vera í landflugi.

Að undanskilinni kröfunni um 50 tíma sem flugstjóri í þyrllum má meta tíma sem flugstjóri í öðrum gerðum loftfara upp í kröfuna um 155 fartíma í þyrllu í eftirfarandi tilvikum:

- 1) 20 tíma á flugvélum, ef umsækjandinn er handhafi PPL(A)-skírteinis,
 - 2) 50 tíma á flugvélum, ef umsækjandinn er handhafi CPL(A)-skírteinis,
 - 3) 10 tíma á ferðavélsvifflugum eða sviifflugum,
 - 4) 20 tíma á loftskipum, ef umsækjandinn er handhafi PPL(As)-skírteinis,
 - 5) 50 tíma á loftskipum, ef umsækjandinn er handhafi CPL(As)-skírteinis,“.
- 65) Í stað töflunnar „EFNI PRÓFSINS“ varðandi flokkinn „flugvélar“ í 7. viðbætti kemur eftirfarandi tafla:

„Flugvélar

1. HLUTI — AÐGERÐIR FYRIR FLUG OG BROTTFLUG

Nota skal gátlista, flugmennsku, ísingarvarnir/afsingaraðgerðir, o.s.frv., í öllum hlutumunum

a	Notkun flughandbókar (eða samsvarandi bókar) einkum við útreikning á afkastagetu, massa og jafnvægi loftfars
b	Notkun skjala flugumferðarþjónustu og veðurþjónustu
c	Undirbúningur flugáætlunar fyrir flugumferðarstjórn og flugsáætlunar/leiðarflugbókar fyrir blindflug
d	Auðkenna tilskilin leiðsöguvirki fyrir brottflug, komuflug og aðflug
e	Fyrirflugsskoðun
f	Lágmarksveðurskilyrði
g	Akstur
h	Brottflug sem byggir á hæfisbundinni leiðsögu (ef við á): — athuga hvort réttu verklagi hafi verið hlaðið inn í leiðsögukerfið og — milligáta upplýsingar frá skjá leiðsögukerfis og aðflugskorts
i	Kynning fyrir flugtak, flugtak
j (°)	Skipt yfir í blindflug
k (°)	Verklagsreglur um blindbrottflug, þ.m.t. brottflug með hæfisbundinni leiðsögu, og stilling hæðarmælis
l (°)	Samband við flugumferðarstjórn — fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti

2. HLUTI — ALMENN STJÓRNUN (°)

a	Stjórn flugvélarinnar eingöngu eftir mælitækjum, þar á meðal lárétt flug á mismunandi hraða, stilling stýra
b	Klifurbeygjur og lækkunarbeygjur með stöðugri 1. stigs beygju
c	Komist úr óvenjulegri stöðu, þar á meðal viðvarandi beygjum með 45° halla og bröttum lækkunarbeygjum
d (*)	Komist hjá yfirvofandi ofrиси í láréttu flugi eða klifurbeygjum/lækkunarbeygjum og í lendarham
e	Bilaðir mælar, stöðugt klifur eða lækkun með 1. stigs beygju í gefna nefstefnu, komist úr óvenjulegri stöðu

3. HLUTI — VERKLAGSREGLUR Í BLINDFLUGI Á FLUGLEIÐ (°)

a	Ferli haldið og komist á feril, t.d. að/frá hringvita (NDB), fjölstefnuvita (VOR) eða ferill milli varða (e. <i>Waypoints</i>)
b	Notkun leiðsögukerfa og aðflugstækja
c	Lárétt flug, stjórnun nefstefnu, flughæðar og flughraða, stilling afls, aðferðir við stillingu stýra
d	Stilling hæðarmælis
e	Tímasetning og leiðrétting áætlaðs komutíma (ETA) (biðflug – ef þörf krefur)
f	Fylgst með framvindu flugs, leiðarflugbók, eldsneytisnotkun, stjórnun kerfa
g	Verklag við ísingarvörn, eftirlíkt, ef þörf krefur
h	Samband við flugumferðarstjórn – fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti

HLUTI 3a — VERKLAGSREGLUR VIÐ KOMU

a	Stilling og prófun leiðsöguvirkja og auðkenni leiðsöguvirkja, ef við á
b	Verklag við komu, prófun hæðarmælis
c	Hæðar- og hraðatakmarkanir, ef við á
d	Komuflug með hæfisbundinni leiðsögu (ef við á): — athuga hvort réttu verklagi hafi verið hlaðið inn í leiðsögukerfið og — milligáta upplýsingar frá skjá leiðsögukerfis og aðflugskorts.

4. HLUTI (°) — ÞRÍVÍÐ BLINDFLUGSAÐGERÐ (°)

a	Stilling og prófun leiðsöguvirkja Athugun á lóðréttu flugslóðarhorni (e. <i>vertical path angle</i>) Fyrir aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH): — athuga hvort réttu verklagi hafi verið hlaðið inn í leiðsögukerfið og — milligáta upplýsingar frá skjá leiðsögukerfis og aðflugskorts.
b	Aðflugs- og landingarkynning, þar á meðal lækkunar-/aðflugs-/landingargátlistar, þ.m.t. auðkenning á búnaði
c (°)	Verklagsreglur við biðflug
d	Útgefnum verklagsreglum í aðflugi fylgt
e	Tímasetning aðflugs
f	Stjórnun hæðar, hraða og nefstefnu (stöðugt aðflug)
g (°)	Hætt við landingu
h (°)	Verklagsreglur við fráflug/landingu
i	Samband við flugumferðarstjórn — fyrirmælum fylgt, verklagsreglur við talfjarskipti

5. HLUTI (°) — TVÍVÍÐ BLINDAÐFLUGSAÐGERÐ (°)

a	Stilling og prófun leiðsöguvirkja Fyrir aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH): — athuga hvort réttu verklagi hafi verið hlaðið inn í leiðsögukerfið og — milligáta upplýsingar frá skjá leiðsögukerfis og aðflugskorts.
b	Aðflugs- og landingarkynning, þar á meðal lækkunar-/aðflugs-/landingargátlistar, þ.m.t. auðkenning á búnaði
c (°)	Verklagsreglur við biðflug
d	Útgefnum verklagsreglum í aðflugi fylgt
e	Tímasetning aðflugs

f	Stjórnun flughæðar/fjarlægðar að fráflugspunkti (MAPt), hraða og stefnu (stöðugt aðflug), stígbundin lækun (e. <i>stepdown fixes</i>), ef við á
g (+)	Hætt við landingu
h (+)	Verklagsreglur við fráflug/landingu
i	Samband við flugumferðarstjórn — fyrirmælum fylgt, verklagsreglur við talfjarskipti
6. HLUÐI — FLUG MEÐ EINN HREYFIL ÓSTARFHÆFAN (á eingöngu við um fjölhreyfla flugvélar) (°)	
a	Eftirlíkt hreyfilbilun eftir flugtak eða þegar hætt er við landingu
b	Aðflug, hætt við landingu og fráflug samkvæmt verklagsreglum með einn hreyfil óstarfhæfan
c	Aðflug og landing með einn hreyfil óstarfhæfan
d	Samband við flugumferðarstjórn — fyrirmælum fylgt, verklagsreglur við talfjarskipti
<p>(°) Verður að framkvæma eingöngu út frá mælitækjum.</p> <p>(*) Má framkvæma í flughermi með fullri hreyfingu, flugþjálfunartæki 2/3 eða flugleiðsöguþjálfá II.</p> <p>(+) Má framkvæma í annaðhvort 4. eða 5. hluta.</p> <p>(++) Til að koma á eða viðhalda réttindum fyrir hæfisbundna leiðsögu í annaðhvort 4. eða 5. hluta skal vera eitt aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH). Ef ekki er hægt að framkvæma aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu skal aðflugið framkvæmt í viðeigandi flughermisþjálfá.“</p>	

66) Í stað 8. viðbætis kemur eftirfarandi:

„8. VIÐBÆTIR

Viðurkenning veitt fyrir blindflugshluta hæfniprófs fyrir flokks- eða tegundaráritun

A. Flugvélar

Aðeins er veitt viðurkenning þegar handhafar framlengja eða endurnýja réttindi blindflugaráritunar fyrir eins hreyfils einstjórnarflugvélar og fjölhreyfla einstjórnarflugvélar, eins og við á.

Þegar blindflugshlutinn er tekinn með færniþrófinu eða hæfniþrófinu og handhafar hafa í gildi:	Eftirfarandi er metið fyrir blindflugshluta hæfniprófs:
tegundaráritun fyrir fjölstjórnarflugvélar, tegundaráritun fyrir flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu	flokksáritun fyrir eins hreyfils flugvélar (*) og tegundaráritun fyrir eins hreyfils flugvélar (*) og flokks- eða tegundaráritun fyrir fjölhreyfla einstjórnarflugvélar að undanskildum tegundaráritunum fyrir flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu, aðeins metinn 3. hluti B í hæfniþrófinu í 5. lið í B-þætti 9. viðbætis
flokks- eða tegundaráritun fyrir fjölhreyfla einstjórnarflugvélar að undanskildum tegundaráritunum fyrir flóknar flugvélar með mikla afkastagetu í einstjórnarstarfrækslu	flokksáritun fyrir eins hreyfils flugvélar og tegundaráritun fyrir eins hreyfils flugvélar og flokks- eða tegundaráritun fyrir fjölhreyfla einstjórnarflugvélar að undanskildum tegundaráritunum fyrir flóknar flugvélar með mikla afkastagetu
flokks- eða tegundaráritun fyrir fjölhreyfla einstjórnarflugvélar að undanskildum tegundaráritunum fyrir flóknar flugvélar með mikla afkastagetu, sem takmarkaðar eru við fjölstjórnarstarfrækslu	flokksáritun fyrir eins hreyfils flugvélar (*) og tegundaráritun fyrir eins hreyfils flugvélar (*) og flokks- eða tegundaráritun fyrir fjölhreyfla einstjórnarflugvélar að undanskildum tegundaráritunum fyrir flóknar flugvélar með mikla afkastagetu
flokks- eða tegundaráritun fyrir eins hreyfils einstjórnarflugvélar	flokksáritun fyrir eins hreyfils flugvélar og tegundaráritun fyrir eins hreyfils flugvélar

(*) Að því tilskildu að á síðustu 12 mánuðum hafi umsækjendur flogið a.m.k. þrjú blindbrotflug og -aðflug og neytt réttinda fyrir hæfisbundna leiðsögu, þ.m.t. a.m.k. eitt aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH) á flugvél í einstjórnarflokki eða -tegund flugvélar í einstjórnarstarfrækslu, eða, hvað varðar fjölhreyfla flugvélar aðrar en flóknar flugvélar með mikla afkastagetu, að umsækjendur hafi staðist 6. hluta færniþrófsins fyrir einstjórnarflugvélar aðrar en flóknar flugvélar með mikilli afkastagetu, sem flogið er eingöngu út frá mælitækjum í einstjórnarumhverfi.

B. Þyrlur

Aðeins er veitt viðurkenning þegar handhafar framlengja réttindi blindflugsáritunar fyrir eins hreyfils og fjölhreyfla einstjórnarþyrlur eins og við á.

Þegar blindflugshlutinn er tekinn með færniþrófinu eða hæfniþrófinu og handhafar hafa í gildi:	Eftirfarandi er metið fyrir blindflugshluta hæfniþrófs:
tegundaráritun fyrir fjölstjórnarþyrlur	tegundaráritun fyrir eins hreyfils þyrlur (*) og tegundaráritun fyrir fjölhreyfla einstjórnarþyrlur (*)
tegundaráritun fyrir fjölhreyfla einstjórnarþyrlur í einstjórnarstarfrækslu	tegundaráritun fyrir eins hreyfils þyrlur (*) og tegundaráritun fyrir fjölhreyfla einstjórnarþyrlur (*)
tegundaráritun fyrir fjölhreyfla einstjórnarþyrlur sem takmörkuð er við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi	tegundaráritun fyrir eins hreyfils þyrlur (*) og tegundaráritun fyrir fjölhreyfla einstjórnarþyrlur (*)
tegundaráritun fyrir eins hreyfils einstjórnarþyrlur í einstjórnarstarfrækslu	tegundaráritun fyrir eins hreyfils einstjórnarþyrlur í einstjórnarstarfrækslu

(*) Að því tilskildu að á síðustu 12 mánuðum hafi umsækjandinn flogið a.m.k. þrjú blindbrotflug og -aðflug og neytt réttinda fyrir hæfisbundna leiðsögu, þ.m.t. eitt aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH)(t.a.m. aðflug samkvæmt viðmiðunarniti (e. *point in space approach*), á einstjórnarþyrlu í einstjórnarstarfrækslu.“

67) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á B-þætti í 9. viðbæti:

a) Í stað töflunnar í 5. lið k-liðar kemur eftirfarandi:

Tegund starfrækslu	„(1)		(2)		(3)		(4)		(5)	
	SP (einstjórnar)		MP (fjölstjórnar)		SP→MP (fyrsta skipti)		MP→SP (fyrsta skipti)		SP + MP	
	<i>Þjálfun</i>	<i>Prófun/mat á hæfni</i>	<i>Þjálfun</i>	<i>Prófun/mat á hæfni</i>	<i>Þjálfun</i>	<i>Prófun/mat á hæfni</i>	<i>Þjálfun, prófun og mat á hæfni (eins hreyfilsflugvélar)</i>	<i>Þjálfun, prófun og mat á hæfni (fjölhreyflaflugvélar)</i>	<i>Eins hreyfilsflugvélar</i>	<i>Fjölhreyflaflugvélar</i>
Fyrsta útgáfa: Flókin einstjórnarflugvél	Hlutar 1-6 1-7	Hlutar 1-6 1-6	1.-7. hluti	Hlutar 1-6	Áhafnarsamstarf (MCC) Stjórnun áhafnarsamvinnu (CRM) Mannlegir þættir Hættumistaka-stjórnun (TEM) 7. hluti	Hlutar 1-6	liðir 1.6, 4.5, 4.6 og 5.2 og, ef við á, eitt aðflug úr 3. hluta B	liður 1.6 og 6. hluti og, ef við á, eitt aðflug úr 3. hluta B		
Framlenging Flókin einstjórnarflugvél	Á ekki við Á ekki við	Hlutar 1-6 1-6	Á ekki við	Hlutar 1-6	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Fjölstjórnarstarfræksla (MPO): 1.-7. hluti (þjálfun) 1.-6. hluti (mat á hæfni) Starfræksla í einstjórnarumhverfi (SPO): liðir 1.6, 4.5, 4.6 og 5.2 og, ef við á, eitt aðflug úr 3. hluta B	Fjölstjórnarstarfræksla (MPO): 1.-7. hluti (þjálfun) 1.-6. hluti (mat á hæfni) Starfræksla í einstjórnarumhverfi (SPO): liður 1.6 og 6. hluti og, ef við á, eitt aðflug úr 3. hluta B
Endurnýjun Flókin einstjórnarflugvél	FCL.740	Hlutar 1-6 1-6	FCL.740	Hlutar 1-6	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Þjálfun: FCL.740 Mat á hæfni: eins og fyrir framlengingu	Þjálfun: FCL.740 Mat á hæfni: eins og fyrir framlengingu ^{cc} .

b) Í stað raðar 7.2.2 (æfingar) í töflunni í l-lið 5. liðar kemur eftirfarandi:

„7.2.2	Eftirfarandi æfingar í viðbrögðum við óeðlilegri flugstöðu: — viðbrögð við hárrí nefstöðu (e. <i>nose-high</i>) við mismunandi beygjuhalla og — viðbrögð við lágrí nefstöðu (e. <i>nose-low</i>) við mismunandi beygjuhalla.	P	X Ekki skal nota flugvél við þessa æfingu ^{cc} .			
--------	--	---	--	--	--	--

Ákvæðum VI. viðauka (ARA-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

68) Í stað 11. og 12. liðar a-liðar í ARA.GEN.220 kemur eftirfarandi og nýr 13. liður a-liðar bætist við sem hér segir:

- „11) upplýsingar um öryggismál og ráðstafanir til eftirfylgni,
- 12) notkun ákvæða um sveigjanleika í samræmi við 71. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 og
- 13) mats- og heimildarferlið fyrir þau loftför sem mælt er fyrir um í a-lið liðar ORA.ATO.135 og a-lið liðar DTO.GEN.240.“

69) Nýr liður, ARA.GEN.360, bætist við sem hér segir:

„ARA.GEN.360 Skipt um lögbært yfirvald

- a) Við móttöku beiðni frá skírteinishafa um að skipta um lögbært yfirvald, eins og tilgreint er í d-lið liðar FCL.015 í I. viðauka (FCL-hluta), skal lögbæra viðtökuyfirvaldið, án ótilhlýðilegrar tafar, fara þess á leit við lögbært yfirvald skírteinishafans að flytja, án ótilhlýðilegrar tafar, öll eftirfarandi gögn:
 - 1) sannprófun skírteinis,
 - 2) afrit af heilbrigðisskýrslum skírteinishafa sem viðkomandi lögbært yfirvald geymir í samræmi við liði ARA.GEN.220 og ARA.MED.150. Heilbrigðisskýrslurnar skulu fluttar í samræmi við lið MED.A.015 í IV. viðauka (MED-hluta) og skulu innihalda samantekt á viðeigandi heilsufarsstögu umsækjandans, sem hefur verið staðfest og undirrituð af læknisfræðilegum sérfræðing.
- b) Lögbæra yfirvaldið, sem annast flutninginn, skal geyma upprunalegar skrár skírteinishafa um skírteini hans og heilbrigði í samræmi við liði ARA.GEN.220, ARA.FCL.120 og ARA.MED.150.
- c) Lögbært viðtökuyfirvald skal, án ótilhlýðilegrar tafar, endurútgefa skírteinið og heilbrigðisvottorðið að því tilskildu að það hafi mótttekið og meðhöndlað öll þau gögn sem tilgreind eru í a-lið. Við endurútgáfu skírteinisins og heilbrigðisvottorðsins skal lögbæra viðtökuyfirvaldið án tafar fara þess á leit við skírteinishafann að hann skili inn skírteininu sem lögbæra yfirvaldið, sem annast flutninginn, gaf út og tengdu heilbrigðisvottorði.
- d) Lögbært viðtökuyfirvald skal tafarlaust tilkynna lögbæra yfirvaldinu, sem annast flutninginn, þegar það hefur endurútgefið skírteinið og heilbrigðisvottorðið til skírteinishafans og skírteinishafinn hefur skilað inn skírteininu og heilbrigðisvottorðinu samkvæmt c-lið. Þar til slík tilkynning hefur verið móttækin ber lögbæra yfirvaldið, sem annast flutninginn, áfram ábyrgð á skírteininu og heilbrigðisvottorðinu sem upprunalega var gefið út til skírteinishafans.“

Ákvæðum VII. viðauka (ORA-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

70) Í stað a-liðar í ORA.ATO.135 kemur eftirfarandi:

- „a) Samþykkt þjálfunarfyrirtækið skal hafa nægilega stóran flota af loftförum til þjálfunar eða flughermisþjálfum sem skulu búnir tækjabúnaði sem hentar þeim þjálfunarnámskeiðum sem í boði eru. Loftfaraflotinn skal samanstanda af loftförum sem uppfylla allar kröfur sem skilgreindar eru í reglugerð (ESB) 2018/1139. Loftför, sem falla undir a-, b-, c- eða d-lið í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, má nota fyrir þjálfun ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
 - 1) lögbæra yfirvaldið hefur, í tengslum við matsferli, staðfest öryggisstig sem er sambærilegt því sem skilgreint er með öllum þeim grunnkröfum sem mælt er fyrir um í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139,
 - 2) lögbæra yfirvaldið hefur heimilað notkun loftfarsins við þjálfun hjá samþykkt þjálfunarfyrirtækinu.“

Ákvæðum VIII. viðauka (DTO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 (DTO-hluta) er breytt sem hér segir:

71) Í stað a-liðar í DTO.GEN.240 kemur eftirfarandi:

- „a) Yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið skal hafa nægilega stóran flota af loftförum til þjálfunar eða flughermisþjálfum sem skulu búnir tækjabúnaði sem hentar þeim þjálfunarnámskeiðum sem í boði eru. Loftfaraflotinn skal samanstanda af loftförum sem uppfylla allar kröfur sem skilgreindar eru í reglugerð (ESB) 2018/1139. Loftför, sem falla undir a-, b-, c- eða d-lið í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, má nota fyrir þjálfun ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
 - 1) lögbæra yfirvaldið hefur, í tengslum við matsferli, staðfest öryggisstig sem er sambærilegt því sem skilgreint er með öllum þeim grunnkröfum sem mælt er fyrir um í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139,
 - 2) lögbæra yfirvaldið hefur heimilað notkun loftfarsins við þjálfun hjá yfirlýsta þjálfunarfyrirtækinu.“